

150. löggjafarþing 2019–2020.  
Þingskjal x — x. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

### um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

1. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um innheimtu á sköttum, gjöldum og sektum ásamt vöxtum, álagi og kostnaði sem lögð eru á af stjórnvöldum og sem innheimtumönnum ríkissjóðs er falið að innheimta.

Þá gilda lög in um innheimtu erlendra skatta, gjalda og sekta sem innheimtumanni er falið að innheimta á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki.

Lög in gilda einnig um endurgreiðslur stjórnvalda vegna oftekinna skatta og gjalda og um endurgreiðslur vegna oftekinna sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum. Lög in gilda þó ekki um endurgreiðslu sekta sem innheimtar eru á grundvelli laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, eða með vísan til þeirra laga.

Sérákvæði annarra laga um skatta, gjöld og sektir sem mæla fyrir á annan veg, ganga framur ákvæðum laga þessara.

2. gr.

*Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

1. *Afskrift:* Afskrift krafna felur í sér að kröfur á hendur gjaldanda eru færðar niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt lögum.
2. *Eindagi:* Síðasti dagur til að greiða áður en dráttarvextir eða álag leggjast á kröfu.
3. *Gjaldandi:* Greiðandi skatta, gjalda eða sekta.
4. *Gjaldagi:* Sá dagur sem fyrst er heimilt að krefja gjaldanda um greiðslu kröfu.
5. *Greiðsluáætlun:* Áætlun um greiðslu skatta, gjalda og sekta, sem gerð er m.a. í því skyni að léttu greiðslubyrði gjaldanda og fresta innheimtuaðgerðum.
6. *Skuldajöfnun:* Þegar inneign er notuð til að greiða gjaldfallna skuld.
7. *Þing- og sveitarsjóðsgjöld:* Undir þing- og sveitarsjóðsgjöld falla meðal annars tekjuskattur, útsvar, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, útvarpsgjald, slysatryggingargjald vegna heimilisstarfa, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og önnur ótalin gjöld sem innheimt eru með vísan til laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og samsvarandi gjöld skv. samningum við önnur ríki.

3. gr.

*Hlutverk innheimtumanna ríkissjóðs.*

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skatta og gjalda hver í sínu umdæmi. Með sköttum og gjöldum er átt við hvers konar skatta og gjöld sem lögð eru á lögum samkvæmt.

Þá annast innheimtumenn innheimtu sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum og þeim er falið að innheimta.

Innheimtumenn ríkissjóðs eru ríkisskattstjóri í umdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu en sýslumenn í öðrum umdæmum.

Auk þeirra verkefna sem ríkisskattstjóra er falið sem einn innheimtumanna ríkissjóðs skal hann meðal annars annast eftirtalin verkefni er lúta að framkvæmd innheimtu skatta og gjalda.

1. Stefnumótun á sviði innheimtumála á landsvísu með hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi varðandi innheimtu opinberra gjalda að leiðarljósi. Í þessu skyni skal ríkisskattstjóri meðal annars annast áhættugreiningu á sviði innheimtu opinberra gjalda.
2. Samræmingar- og eftirlitshlutverk gagnvart öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs, meðal annars með setningu verklagsreglna. Ríkisskattstjóra er heimilt að beina bindandi fyrirmælum til annarra innheimtumanna um innheimtuadgerðir í einstökum málum eða málaflokkum ef settar reglur eru ekki virtar.
3. Umsjón og þróun tölvukerfa og rafrænnar stjórnsýslu á sviði innheimtu skatta og gjalda.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að fela öðrum aðila en þeim sem um getur í 1. mgr. innheimtu skatta samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, í tilteknu umdæmi eða umdæmum. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að sami innheimtumaður annist innheimtu í fleiri en einu umdæmi.

Þá er ráðherra, sveitarstjórnnum og forráðamönnum annarra opinberra stofnana heimilt að semja svo um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Fela má gjaldheimtuna innheimtumanni ríkissjóðs, sveitarfélagi eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur innheimtumanna ríkissjóðs, sveitarfélaga og stofnana vegna gjaldheimtu skulu þá færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

#### 4. gr.

##### *Áfrýjun eða deila um skattskyldu.*

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skatta og gjalda né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Innheimtumönnum ríkissjóðs ber að innheimta skattkröfur sem byggja á áætlunum skattyfirvalda með sama hætti og skuld samkvæmt skattskýrslum. Innheimtuúrræðum er ekki frestað þótt skattskýrslu hafi ekki verið skilað eða skattálagning verið kærð.

#### 5. gr.

##### *Kæruheimild og endurupptaka.*

Gjaldanda er unnt að fá ákvarðanir innheimtumanns ríkissjóðs endurskoðaðar með stjórnsýslukæru til ráðuneytisins á grundvelli VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ákvörðun innheimtumanns er kærانleg innan þriggja mánaða frá því að aðila máls er tilkynnt um ákvörðun. Gjaldanda er jafnframt heimilt að fara fram á endurupptöku ákvörðunar hjá innheimtumanni í samræmi við ákvæði 24. gr. stjórnsýslulaga.

#### 6. gr.

##### *Jafnræðisregla.*

Við úrlausn mála er varða innheimtu skatta, gjalda og sekta samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að allir gjaldendur sem eins stendur á um hljóti sams konar meðferð.

#### 7. gr.

*Dráttarvextir, álag og kostnaður.*

Hafi skattar og gjöld ekki verið greidd á eindaga skal greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Í lögboðnum tilvikum bætist við álag. Dráttarvextir og álag sem leggjast á skatta og gjöld eru hluti kröfunnar og fyrnast ekki sjálfstætt.

Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, sbr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Ekki skal bæta vöxtum við höfuðstól oftast en á tólf mánaða fresti.

Óheimilt er að lækka eða fella niður dráttarvexti og álag nema lög mæli fyrir á annan veg.

Gjaldandi skal greiða lögboðinn kostnað vegna innheimtuaðgerða og er óheimilt að fella hann niður.

Skattar, gjöld og sektir sem ekki hafa verið greidd á gjalddaga eru í vanskilum.

## 8. gr.

*Endurgreiðsla oftekens fjár.*

Stjórnvöld sem innheimta skatta, gjöld eða sektir skulu endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum samkvæmt ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram. Vextir skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að endurgreiðslu þegar þeim verður ljóst að ofgreitt hefur verið.

Sé kæra til meðferðar hjá yfirsattanefnd og nefndin kveður ekki upp úrskurð innan lögboðins frests skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. laga um yfirsattanefnd, nr. 30/1992, skal greiða gjaldanda dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af fjárhæð sem yfirsattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað.

Sé inneign í sköttum, gjöldum eða sektum til staðar þegar krafa um endurgreiðslu er gerð skal greiða gjaldanda dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi sem krafa er gerð til greiðsludags, fari endurgreiðsla ekki fram innan 30 daga frá þeim degi sem krafa var gerð.

Sé inneign í sköttum, gjöldum eða sektum ekki til staðar þegar krafa um endurgreiðslu er gerð skal greiða gjaldanda dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi sem inneign myndaðist til greiðsludags, fari endurgreiðsla ekki fram innan 30 daga frá þeim degi sem inneign myndaðist.

Ákvæði 4. og 5. mgr. ganga fram 1. og 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Endurgreiðsla skal fara fram með innborgun á bankareikning gjaldanda. Endurgreiðsla getur ekki farið fram ef skilyrði eru til skuldajöfnunar.

Krafa um endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað eða inneign myndast. Þegar krafa um endurgreiðslu fyrnist fyrnast jafnframt áfallnir vextir og álag.

## 9. gr.

*Skuldajöfnun.*

Skuldajafna skal inneignum á móti gjaldföllnum sköttum, gjöldum, sektum og sakarkostnaði nema lög mæli fyrir á annan veg.

Skuldajafna skal inneignum á móti erlendum sköttum, gjöldum og sektum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki, nema lög mæli fyrir á annan veg.

Skuldajafna skal barnabótum á móti fyrirframgreiddum barnabótum og ofgreiddum barnabótum. Skuldajafna skal barnabótum á móti kröfu um ofgreiddar barnabætur sem til innheimtu eru hér á landi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki.

Skuldajafna skal inneignum á móti gjaldföllnum sköttum, gjöldum og sektum sem gjaldandi ber sjálfskuldarábyrgð á, nema lög mæli fyrir á annan veg. Hér undir fellur m.a. sjálfskuldarábyrgð samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og ábyrgð félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags.

#### 10. gr.

##### *Ábyrgð þriðja aðila.*

Beri gjaldandi ábyrgð á greiðslu skatta, gjalda eða sekta þriðja aðila samkvæmt lögum getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að honum til greiðslu þeirra skulda sem hann ber ábyrgð á. Hér undir fellur meðal annars ábyrgð samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og ábyrgð félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags.

Gera má aðför hjá þeim sem ábyrgð ber á sköttum, gjöldum eða sektum til tryggingar þeim skuldum er hann ber ábyrgð á samkvæmt lögum.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

#### 11. gr.

##### *Launaafdráttur.*

Öllum launagreiðendum er skylt að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs að halda eftir af launum launþega til greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda sem lögð eru á launþega og innheimta ber samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Þá er launagreiðendum skylt að kröfu innheimtumanns að halda eftir af launum launþega til greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda sem hann ber sjálfskuldarábyrgð á samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Frádráttur launagreiðanda vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, þing- og sveitarsjóðsgjalda, lögbundinna iðgjalda í lífeyrissjóð og stéttarfélag og meðlags samkvæmt kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga skal aldrei vera meiri en sem nemur 75% af heildarlaunum launþega. Launþegi getur gert greiðsluáætlun um lækun launaafdráttar vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda samkvæmt 12. gr.

Sex dögum eftir útborgun launa skal launagreiðandi ótilkvaddur standa skil á afdregnum launum eða launum sem honum bar að halda eftir samkvæmt 1. mgr. Sé lokadagur skilafrests almennur frídagur lengist fresturinn til næsta virka dags. Innheimtumaður ríkissjóðs sendir kröfu um launaafdrátt til launagreiðanda á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og er ríkisskattstjóra jafnframt heimilt að ákveða á hvaða formi skilagreinar launagreiðanda skuli vera.

Launagreiðandi sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 7. gr. Gjalddagi er útborgunardagur launa og eindagi sá dagur sem launagreiðanda bar að skila fénu til innheimtumanns, sbr. 3. mgr.

Launagreiðandi ber sjálfskuldarábyrgð á þing- og sveitarsjóðsgjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt 1. mgr. Launagreiðandi og launþegi bera óskipta ábyrgð á greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda og getur innheimtumaður gengið að hvorum aðila fyrir sig. Launþegi ber þó ekki ábyrgð á greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans.

Krafa vegna fjár sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein er aðfarahæf samkvæmt lögum gagnvart launagreiðanda án undangengins dóms eða sáttar.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stéttarfélög og lífeyrissjóðir skulu láta innheimtumanni ríkissjóðs í té upplýsingar og gögn vegna launaafdráttar, með rafrænum hætti ef því verður við komið og án endurgjalds til að hann geti rækt hlutverk sitt samkvæmt ákvæði þessu. Innheimtumanni er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um greiðslur gjaldanda til stéttarfélags, lífeyrissjóðs og Innheimtustofnunar sveitarfélaga og upplýsinga á launaseðli sem gjaldandi lætur innheimtumanni í té í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt ákvæði þessu að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæði þessu.

Launaafdráttur er heimill á meðan launþegi ber ábyrgð á kröfum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti skv. 2. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

## 12. gr.

### *Greiðsluáætlanir*

Innheimtumanni ríkissjóðs er heimilt að gera greiðsluáætlun við gjaldanda um skatta, gjöld og sektir. Greiðsluáætlun er yfirlýsing gjaldanda sem felur í sér viðurkenningu á kröfu og rýfur fyrningu hennar. Gild greiðsluáætlun frestar innheimtuaðgerðum nema hætta leiki á að hagsmunir ríkissjóðs fari annars forgörðum.

Lögboðnir dráttarvextir leggjast á skatta og gjöld þrátt fyrir að um þau hafi verið gerð greiðsluáætlun.

Skuldajöfnun inneigna sem myndast í skattkerfinu skal fara fram þrátt fyrir gilda greiðsluáætlun. Skuldajöfnun upp í kröfur í greiðsluáætlun hefur ekki áhrif á skyldu gjaldanda til að inna af hendi greiðslur samkvæmt henni. Gjaldandi hefur ekki forræði á stýringu greiðslna inn á gjaldflokka samkvæmt greiðsluáætlun.

Ákvörðun um gerð greiðsluáætlana einstaklinga er heimil á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu. Gjaldandi á rétt til mannglegrar íhlutunar af hálfu innheimtumanns til að láta skoðun sína í ljós og til að vefengja ákvörðunina.

Falli greiðsluáætlun, sem gerð var eftir árangurslaust fjárnám, úr gildi er innheimtumanni ríkissjóðs heimilt að skrá þær upplýsingar hjá fjárhagsupplýsingastofum sem hafa starfsleyfi til að miðla upplýsingum um vanskil samkvæmt 15. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, en með því verður gjaldandi skráður á ný á vanskilaskrá.

Ríkisskattstjóri setur verklagsreglu um greiðsluáætlanir og nánari skilyrði fyrir gerð þeirra.

## 13. gr.

### *Stöðvun atvinnurekstrar.*

Þar sem lög kveða á um getur innheimtumaður ríkissjóðs látið lögreglu stöðva atvinnurekstur hjá þeim aðilum sem ekki gera fullnægjandi skil á sköttum og gjöldum, meðal annars með innsigli á starfsstöðvar, skrifstofur, vörur og atvinnutæki. Gjaldanda skal tilkynnt

um fyrirhugaða stöðvun atvinnurekstrar og gefinn sjö daga frestur frá dagsetningu tilkynningar til að greiða kröfu eða gera greiðsluáætlun.

## 14. gr.

*Kyrrsetningar.*

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 45/1987, beinist að ef hættu þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Með sama hætti er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og hjá aðilum sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags.

Ríkisskattstjóri annast rekstur mála samkvæmt 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna ríkisskattstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 45/1987, beinist að verði gerð fésekt. Ríkisskattstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 19. gr. laga þessara, og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skal ekki greiða fyrir ráðstafanir.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn leiðir ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 45/1987, beinist að verði gerð fésekt hvort sem er af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Leggja má fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

## 15. gr.

*Nauðasamningar.*

Innheimtumanni ríkissjóðs er heimilt að samþykkja nauðasamning gjaldanda við kröfuhafa að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Gjaldandi skuldi ekki virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald eða vörugjald af ökutækjum.
2. Skattar og gjöld séu ekki tilkomin vegna endurákvörðunar skattyfirvalda vegna skattsvika.
3. Skattar og gjöld séu ekki byggð á áætlunum stjórnvalda.

4. Gjaldandi skuldi ekki skattsekt yfirsattaneftndar, skattsekt skattrannsóknarstjóra eða fésekt ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.
5. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.

## 16. gr.

*Afskriftir eldri krafna.*

Ríkisskattstjóra er heimilt að afskrifa kröfur vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda einstaklinga ásamt áfallandi dráttarvöxtum þegar tíu ár eru liðin frá stofnun kröfunnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Ljóst þygi að gjaldandi geti ekki greitt höfuðstól ásamt áfallandi dráttarvöxtum.
  2. Greiðsluáætlun um lækkun launaafdráttar sé í gildi.
  3. Gjaldanda hafi verið synjað um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara.
  4. Ábyrgð samsköttunaraðila sé ekki fyrir hendi sbr. 1. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.
  5. Gjaldandi hafi ekki áður fengið afskrifaðar kröfur á grundvelli þessa ákvæðis.
- Ríkisskattstjóri tekur umsóknir til afgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu.

## 17. gr.

*Tilkynningar og upplýsingagjöf til skattrannsóknarstjóra ríkisins og ákærvalds.*

Fái innheimtumaður ríkissjóðs vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur gefa tilefni til rökstudds gruns um að gjaldandi eða aðrir hafi gerst sekir um refsivert athæfi er honum heimilt að tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins og ákærvaldinu.

Innheimtumanni er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins og ákærvaldinu allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem þeir óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

Ákvæði 20. gr. laga þessara sem og ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

## 18. gr.

*Rafræn þjónusta.*

Miðlun gagna og málsmeðferð er heimil með rafrænum hætti sbr. 39. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að greiðsla skatta, gjalda og sekta skuli eingöngu fara fram með rafrænum hætti.

## 19. gr.

*Upplýsingagjöf.*

Gjaldendum, stjórnvöldum og öðrum hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita innheimtumanni ríkissjóðs án endurgjalds og á því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er innheimtumaður óskar eftir og unnt er að láta honum í té svo hann geti rækt hlutverk sitt samkvæmt 3. gr.

Innheimtumanni ríkissjóðs skal heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá, verðbréfamíðstöð og vinnuvélaskrá Vinnueftirlitsins í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda. Jafnframt skal ríkisskattstjóri veita öðrum innheimtumönnum aðgang að skattframtölum gjaldanda í þeim tilgangi að kanna eignastöðu vegna innheimtuaðgerða.

Auk þeirrar heimildar sem kveðið er á um í 2. mgr. hefur innheimtumaður ríkissjóðs heimild til að óska eftir upplýsingum um eignir sem varðveittar kunna að vera í bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum, þar með talin innlán og verðbréfaeign sem og

upplýsingar um skuldastöðu í því skyni að sannreyna eignastöðu gjaldenda í tengslum við kyrrsetningargerðir og innheimtuaðgerðir. Fjármálaþyrirtækjum er skylt að upplýsa innheimtumann ríkissjóðs án endurgjalds um eignastöðu viðskiptamanna sinna hjá fyrirtækinu samkvæmt beiðni þar um.

Þá skal innheimtumanni heimill rafrænn aðgangur að yfirlitum um framvindu skipta dánarbúa hjá sýslumönnum án endurgjalds vegna innheimtu hjá erfingjum dánarbúa, endurgreiðslna inneigna dánarbúa og vegna afskrifta eignalausra dánarbúa.

Ákvæði 1. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eiga við um innheimtumann á sama hátt og önnur skattyfirvöld.

Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

#### 20. gr.

##### *Þagnarskylda.*

Á innheimtumanni ríkissjóðs hvílir þagnarskylda samkvæmt X. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Innheimtumanni er óheimilt, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um brot í opinberu starfi, að skýra frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag gjaldenda. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

#### 21. gr.

##### *Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995.

Beita skal lögum þessum um mál sem koma til meðferðar stjórnvalda eftir gildistöku laganna. Sé mál tekið upp að nýju eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds eftir gildistöku laga þessara skal beita lögnum um þau mál upp frá því. Ákvæði laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, gilda um endurgreiðslukröfur sem berast fyrir gildistöku laganna en ákvæði 8. gr. um endurgreiðslukröfur sem berast eftir gildistöku laganna.

#### 22. gr.

##### *Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum.

1. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:*
  - a. 1. málsl. 2. mgr. 94. gr. orðast svo: Vegna skatteftirlits og innheimtu, þ.m.t. kyrrsetningar, samkvæmt lögum þessum og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, getur ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar.
  - b. 2. og 3. másl., 1.–3. tölul. 3. másl. 1. mgr. og 2. –5. mgr. 111. gr., 113. gr., 3. og 4. mgr. 114. gr. og 115. gr. laganna falla brott.
2. *Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987:*
  - a. 1. másl. 2. mgr. 20. gr. orðast svo: Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til gjaldheimtu eða annars innheimtuaðila, sbr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, í því umdæmi þar sem launagreiðandi á lögheimili.
  - b. 1. másl. 2. mgr. 25. gr. orðast svo: Vegna skatteftirlits og innheimtu, þ.m.t. kyrrsetningar, samkvæmt lögum þessum og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, getur ríkisskattstjóri og menn sem hann felur skatteftirlitsstörf, krafist þess að



- framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar.
- c. 31. gr. a laganna falla brott.
  - d. 1. mgr. 37. gr. orðast svo: Um innheimtu þinggjalda, sbr. 2. mgr. 35. gr., og ábyrgð skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga um tekjuskatt og laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.
3. *Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996:*
    - a. 1. másl. 2. mgr. 15. gr. orðast svo: Vegna skatteftirlits og innheimtu, þ.m.t. kyrrsetningar, samkvæmt lögum þessum og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, er ríkisskattstjóra heimilt að krefjast þess að framtals- og skilaskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga.
    - b. 20. gr. a laganna falla brott.
  4. *Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004:*
    - a. 8. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Um endurgreiðslu oftekens erfðafjárskatts samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
    - b. 9. og 10. mgr. 14. gr. laganna falla brott.
  5. *Lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988:*
    - a. 1. másl. 3. mgr. 38. gr. orðast svo: Vegna skatteftirlits og innheimtu, þ.m.t. kyrrsetningar, samkvæmt lögum þessum og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda getur ríkisskattstjóri og menn sem hann felur skatteftirlitsstörf krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar.
    - b. 41. gr. a laganna falla brott.
    - c. 5. mgr. 49. gr. orðast svo: Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, eftir því sem við á.
  6. *Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995:*
    - a. 2. mgr. 22. gr. orðast svo: Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, 2) gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.
    - b. 4. mgr. 28. gr. orðast svo: Ákvæði 11. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda gildir um launaafdrátt vegna útsvars.
    - c. 5.–8. mgr. 28. gr. laganna falla brott.
  7. *Lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006:* 1. másl. 4. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Um innheimtu ofgreidds fjár úr Atvinnuleysistryggingasjóði fer samkvæmt 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
  8. *Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000:* 1. másl. 4. mgr. 15. gr. a laganna orðast svo: Um innheimtu ofgreidds fjár úr Fæðingarorlofssjóði fer samkvæmt 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
  9. *Lög um greiðslur til foreldra langveikra barna eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006:* 1. másl. 2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

10. *Lög um húsnæðisbætur, nr. 75/2016*: 1. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Verði ofgreiddar húsnæðisbætur ekki innheimtar samkvæmt 1. mgr. fer um innheimtu þeirra samkvæmt 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
11. *Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999*: 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, eftir því sem við á.
12. *Lög um pósthjónustu, nr. 19/2002*: 4. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, eftir því sem við á, og skulu innheimtuaðilar standa jöfnunarsjóði Póst- og fjarskiptastofnunar skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.
13. *Lög um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar, nr. 40/2009*: 1. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
14. *Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013*: 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, og laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, eftir því sem við á.
15. *Lög um skattlagningu á kolvetnisvinnslu, nr. 109/2011*: 1. mgr. 20. gr. orðast svo: Að öðru leyti en greinir í þessum lögum skulu um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu framleiðslugjalds og kolvetnisskatts gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla laga um tekjuskatt.
16. *Lög um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015*: 2. málsl. 18. gr. orðast svo: Ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og eftir atvikum laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda gilda um innheimtu iðgjalda, þar á meðal um dráttarvexti, launaafdrátt og fjárnámsrétt.
17. *Lög um stöðugleikaskatt, nr. 60/2015*: 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. orðast svo: Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer eins og við getur átt um álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skattsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla þeirra laga og laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
18. *Lög um stimpilgjald, nr. 138/2013*: 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. orðast svo: Ef stimpilgjald af skjali sem ekki er gjaldskylt er af vangá innheimt eða innheimt er of hátt stimpilgjald af gjaldskyldu skjali skal endurgreiða það sem ofgreitt er samkvæmt lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda.
19. *Lög um veiðigjald, nr. 145/2018*: 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta veiðigjald og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess, sbr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

#### Greinargerð.

##### 1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði og samvinnu við innheimtu- og skráasvið ríkisskattstjóra ásamt því að samráð var haft á vinnslustigi frumvarpsins við Fjársýslu ríkisins. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um innheimtu opinberra skatta, gjalda og sekta ásamt því að lagt er til að hluti ákvæða XIII. kafla

laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, flytjist yfir í frumvarp þetta með ákveðnum breytingum. Einnig felur frumvarpið í sér tillögu um að ákvæði laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, falli brott og fari með breytingum inn í frumvarp þetta. Þá eru lagðar til breytingar á ýmsum sérlögum.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Reglur um innheimtu opinberra skatta og gjalda er nú að finna á víð og dreif í hinum ýmsu lagabálkum en aðallega í XIII. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Jafnframt gilda verklagsreglur fyrir alla innheimtumenn ríkissjóðs ásamt reglugerð frá fjármála- og efnahagsráðherra, nr. 1060/2014, sem að sumu leyti er orðin úrelt og þarfnast endurútgáfu. Þá gilda stjórnslög, nr. 37/1993, um meðferð stjórnslumála hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Hlutverk laganna er að tryggja vandaða stjórnslu og þau hafa að geyma lágmarksreglur um skyldur stjórnvalda og réttindi borgara. Þessar grunnreglur gilda um málsmeðferð hjá innheimtumanni ríkissjóðs líkt og hjá öðrum stjórnvöldum en löggin taka ekki til aðfarargerða, sbr. 1. mgr. 2. gr. stjórnslulaga. Um innheimtu skatta og gjalda gilda einnig lög um aðför, nr. 90/1989, lög um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, ásamt ýmsum sérlögum um skatta og gjöld, almennum reglum félagaréttarins og reglum kröfuréttarins.

Helsta markmiðið með gerð frumvarpsins er að tryggja sem best réttaröryggi gjaldenda gagnvart ríkissjóði þegar kemur að innheimtu opinberra skatta og gjalda og lögfesta gildandi framkvæmd. Þá felur frumvarpið í sér nokkrar breytingar á gildandi framkvæmd sem talið er að verði til bóta og auki jafnræði gjaldenda. Fyrirmynd að frumvarpinu er að einhverju leyti sótt til nágrannalanda Íslands.

## 3. Meginefni frumvarpsins.

Gildissvið frumvarpsins skv. 1. gr. nær til innheimtu á sköttum, gjöldum og sektum, ásamt vöxtum, álagi og öðrum þeim kostnaði sem lögð eru á af stjórnvöldum og innheimtumönnum ríkissjóðs er falið að innheimta. Gildissviðið nær einnig yfir innheimtu erlendra skatta, gjalda og sekta sem innheimtumanni ríkissjóðs er falið að innheimta samkvæmt milliríkjasamningum. Þá tekur frumvarpið einnig til endurgreiðslna stjórnvalda vegna oftekinna skatta, gjalda og sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum. Löggin gilda þó ekki um sektir sem innheimtar eru á grundvelli laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, eða með vísan til þeirra. Tekið er fram í ákvæði 1. gr. frumvarpsins að sérákvæði annarra laga um skatta, gjöld og sektir, sem mæla fyrir á annan veg, gangi framur ákvæðum laga þessara.

Líkt og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins er innheimta skatta og gjalda í höndum ríkisskattstjóra og sýslumannsembættanna. Ríkisskattstjóri er innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en sýslumenn í öðrum umdæmum. Í janúar 2015 tók tollstjóri við innheimtu skatta og gjalda af sýslumanninum í Kópavogi og sýslumanninum í Hafnarfirði og með því varð tollstjóri innheimtumaður ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu. Hinn 1. maí 2019 fluttist innheimta opinberra skatta og gjalda á höfuðborgarsvæðinu til ríkisskattstjóra, sbr. 48. gr. laga nr. 142/2018.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að áfrýjun eða deila um skattskyldu fresti ekki eindaga skatta og gjalda né leysi undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Innheimtumönnum ríkissjóðs beri að innheimta skatta og gjöld sem byggja á áætlunum skattyfirvalda með sama hætti og skuld samkvæmt skattskýrslum. Innheimtuúrræðum verði ekki frestað þótt skattskýrslu hafi ekki verið skilað eða skattálagning verið kærð. Regla þessi er að meginstefnu samhljóma reglu 1. málsl. 1. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003,

sem og 6. mgr. 29. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 7. mgr. 27. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og 2. mgr. 14. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 14/2004. Lagt er til að reglan falli brott úr 1. málsl. 1. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og flytjist yfir í frumvarp þetta en ekki er um efnisbreytingu að ræða þó svo að reglan sé orðuð með öðrum hætti.

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um kærueimild til ráðuneytisins og endurupptöku. Ef gjaldandi er ósáttur við ákvörðun innheimtumanns ríkissjóðs eru honum leiðir færar til að fá hana endurskoðaða innan stjórnýslunnar. Unnt er að fá ákvarðanir innheimtumanns ríkissjóðs endurskoðaðar með stjórnýslukæru til fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Kæra verður ákvörðun innan þriggja mánaða frá því að aðila máls er tilkynnt um ákvörðun. Þá er einnig hægt að fara fram á endurupptöku ákvörðunar hjá innheimtumanni.

Jafnræðisreglan kemur fram í 6. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að við úrlausn mála er varða innheimtu skatta, gjalda og sekta samkvæmt lögnum skuli þess gætt að allir gjaldendur, sem eins stendur á um, hljóti sams konar meðferð.

Að sama skapi býr það sjónarmið að baki 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins um greiðslu dráttarvaxta, álags og kostnaðar að innheimtumenn ríkissjóðs eru bundnir af jafnræðisreglu stjórnýslu- og skattaréttar við innheimtu skatta og gjalda. Það þýðir að þeim ber að fara eins með alla gjaldendur sem eins er ástatt um. Því er ekki unnt að veita einstökum gjaldendum ívilnanir á borð við að lækka eða fella niður dráttarvexti án þess að þess finnist stoð í lögum.

Ákvæði 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins um að gjaldandi skuli greiða lögboðinn kostnað vegna innheimtuaðgerða byggir jafnframt á jafnræðissjónarmiðum en óheimilt er að fella slíkan kostnað niður.

Í 5. mgr. 7. gr. kemur fram sú meginregla að skattar, gjöld og sektir sem ekki hafa verið greidd á gjalddaga eru í vanskilum og hefur þetta ákvæði m.a. þýðingu vegna útgáfu skuldleysisvottorða.

Í 8. gr. frumvarpsins er stefnt að því að gera reglur um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skýrari en nú eru í lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, og sömuleiðis er lagt til í frumvarpinu að lögin falli brott, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til það nýmæli að ákvæðið um endurgreiðslur taki til endurgreiðslna stjórnvalda vegna oftekinna sekta. Lögð er áhersla á að greiðsla vaxta vegna endurgreiðslna er lögákveðin og ekki háð því að gjaldandi geri kröfu um endurgreiðslu eða greiði með fyrirvara um lögmæti kröfu. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 29/1995 komu fram þau sjónarmið að ekki ætti að skipta máli hvort gjaldandi gerði fyrirvara um lögmæti samhliða greiðslu skatts til þess að hann öðlaðist rétt til endurgreiðslu. Helsta breytingin með ákvæði þessu er að í 4.–6. mgr. 8. gr. frumvarpsins eru sett strangari skilyrði en í núgildandi lögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. nr. 29/1995, um hvenær dráttarvextir leggjast á endurgreiðslur hafi krafa verið gerð um endurgreiðslu. Markmiðið er að tryggja jafnræði gjaldenda og að þeir verði eins settir óháð því hvaða sérþekkingu eða sérfræðiaðstoð þeir búa yfir eða njóta. Jafnframt er lagt til að ákvæði 3. mgr. 114. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði fært yfir í frumvarp þetta og dráttarvaxtareglan taki þannig til fleiri skatttegunda en tekjuskatts. Enn fremur er lagt til að endurgreiðslur skuli fara fram með innborgun á bankareikning gjaldanda. Endurgreiðsla geti þó ekki farið fram ef skilyrði eru til skuldajöfnunar.

Í samræmi við gildandi ákvæði laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, er lagt til í frumvarpi þessu að stjórnvöld hafi áfram frumkvæði að því að greiða gjaldendum oftekna skatta og gjöld. Í því skyni skulu gjaldendur láta stjórnvöldum í té upplýsingar um þann bankareikning sem þeir vilja fá inneignina greidda inn á og getur það einungis verið bankareikningur sem þeir eru skráðir fyrir. Í framkvæmd er það gert með þeim

hætti að einstaklingar geta sett inn bankaupplýsingar með rafrænum hætti við skattskil á þjónustusíðu ríkisskattstjóra eða með því að senda innheimtumanni ríkissjóðs upplýsingar um bankareikninga. Lögaðilar verða þó, eins og sakir standa, að hafa samband við innheimtumann ríkissjóðs til að skrá bankareikning til að taka á móti inneignum. Reglan lögfestir heimild fyrir innheimtumann ríkissjóðs til að greiða inneignir einvörðungu út með millifærslu inn á bankareikninga en útgáfu ávísana var hætt fyrir nokkru síðan og inneignir eru ekki greiddar með reiðufé. Endurgreiðsla getur þó ekki farið fram ef skilyrði eru til skuldajöfnunar.

Lagt er til að meginreglan verði áfram sú að vextir verði greiddir í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, á alla ofgreiðslu sem ekki er greidd út innan 30 daga frá því að hún átti sér stað, óháð því af hvaða orsökum hún stafar. Í samræmi við núgildandi lög er lögð til sú almenna regla að af ofteknum sköttum og gjöldum verði ekki greiddir dráttarvextir heldur vextir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, í því skyni að hvetja ekki gjaldendur til ofgreiðslu í hagnaðarskyni.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu í frumvarpinu getur gjaldandi öðlast rétt til dráttarvaxta vegna oftekinna skatta, gjalda og sekta í ferns konar tilvikum sem talin eru upp í 2.–6. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi getur gjaldandi átt rétt á dráttarvöxtum sé kæra hans er til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin kveður ekki upp ekki úrskurð innan lögboðins frests, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Dráttarvextir leggjast þá á endurgreiðsluna frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið. Í öðru lagi getur gjaldandi krafist dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta, sbr. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Endurgreiðsla getur þó aldrei farið fram fyrr en dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að fella beri niður kröfu eða henni skuli breytt. Í þriðja lagi getur gjaldandi átt rétt á dráttarvöxtum þegar hann gerir kröfu um endurgreiðslu eftir að inneign í sköttum, gjöldum eða sektum hefur myndast og leggjast þá dráttarvextir á inneignina frá þeim degi sem krafan er gerð til greiðsludags, fari endurgreiðsla ekki fram innan 30 daga frá þeim degi sem krafan er gerð, sbr. 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Í fjórða lagi getur gjaldandi átt rétt á dráttarvöxtum þegar hann gerir kröfu um endurgreiðslu áður en inneign hefur myndast og leggjast þá dráttarvextir á inneignina frá þeim degi sem inneignin myndaðist til greiðsludags, fari endurgreiðsla ekki fram innan 30 daga frá þeim degi sem inneignin myndaðist, sbr. 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Að baki framangreindri reglu um greiðslu dráttarvaxta býr það sjónarmið að tryggja jafnræði gjaldenda og að þeir verði eins settir óháð því hvaða sérþekkingu eða sérfræðiaðstoð þeir búa yfir eða njóta. Samkvæmt núgildandi lögum er það skilyrði sett í 2. mgr. 2. gr. laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, að „gjaldandi leggi sannanlega fram kröfu um endurgreiðslu“ og hefur þetta skilyrði valdið því að þeir gjaldendur sem njóta sérfræðiaðstoðar hafa frekar öðlast rétt til greiðslu dráttarvaxta af endurgreiðslum en aðrir.

Skilyrði ákvæðisins um að „inneign í sköttum, gjöldum eða sektum hafi myndast eða sé til staðar“ þrengja réttinn til greiðslu dráttarvaxta verulega frá núgildandi lögum. Með því er ekki átt við það tímamark þegar fé var oftekið heldur það tímamark þegar krafan er viðurkennd af þar til bæru stjórnvaldi. Sá dagur markar upphaf greiðslu dráttarvaxta ef krafa um endurgreiðslu hefur verið gerð áður en inneignin myndaðist og hún ekki verið greidd innan 30 daga frá því hún myndaðist.

Krafa um endurgreiðslu eða fyrirvari með greiðslu um lögmæti hennar hafa samkvæmt þessu aðeins þýðingu fyrir álagningu dráttarvaxta hafi inneign myndast og 30 dagar eru liðnir frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð en krafan ekki greidd. Vextir skv. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins leggjast á ofgreiðsluna frá þeim tíma er fé var oftekið til greiðsludags og því fær gjaldandi bætur fyrir þann tíma sem féð var í vörslu ríkissjóðs.

Rökin sem mæla á móti greiðslu dráttarvaxta eru þau að ofgreiddum sköttum er ekki í öllum tilvikum hægt að jafna til greiðsludráttar t.d. ef gjaldandi greiðir viljandi of mikið. Greiðsla dráttarvaxta vegna ofgreiðslu skatta opnar möguleika á að gjaldendur greiði meira en þeim ber til að ná hagstæðari ávöxtun á fé sitt en þeim stendur til boða annars staðar. Taka má sem dæmi ef áætluð skattskuld væri greidd samhliða kröfu um endurgreiðslu og skattframtal væri leiðrétt síðar. Óeðlilegt væri að gjaldandi ætti rétt til dráttarvaxta frá því tímamarki er endurgreiðslukrafan var gerð.

Þá er í 9. gr. frumvarpsins lagt til að lögfesta skyldu til skuldajöfnunar með skýrum hætti. Innheimtumenn ríkissjóðs beita skuldajöfnun á grundvelli almennra reglna kröfuréttarins og á grundvelli sérlaga um skyldu til skuldajöfnunar, s.s. 3. mgr. 25. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og 36. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Jafnframt gilda reglur um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda, nr. 797/2016. Verði frumvarpið að lögum verður innheimtumönnum skylt að skuldajafna öllum inneignum á móti gjaldföllum sköttum, gjöldum, sektum og sakarkostnaði, nema lög mæli fyrir á annan veg. Inneign getur stafað af lögbundnum endurgreiðslum úr skattkerfinu, t.d. vegna ofgreiðslu gjaldanda, vaxtabóta og barnabóta og ýmissa skattbreytinga til lækkunar. Það er gjaldanda í hag að beita skuldajöfnun þegar inneign gengur á móti skuld sem er farin að bera dráttarvexti. Skuldajöfnun er því innheimtuúrræði sem þjónar bæði hagsmunum ríkissjóðs og gjaldanda.

Í ákvæðinu kemur fram að skuldajöfnun skuli þó ekki fara fram ef lög mæla fyrir á annan veg. Skylda til skuldajöfnunar á þannig ekki við um barnabætur að frátalinni skyldu innheimtumanns til að skuldajafna þeim lögum samkvæmt t.d. á móti fyrirframgreiddum barnabótum og ofgreiddum barnabótum, sbr. 4. másl. 8. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og 7. gr. reglugerðar um greiðslu barnabóta, nr. 555/2004. Jafnframt gildir sérstök regla um vaxtabætur sbr. B-lið 14. mgr. 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en í reglugerð um greiðslu vaxtabóta, nr. 990/2001, eru talin upp þeir skattar og gjöld sem skylt er að skuldajafna á móti vaxtabótum.

Þá er í 9. gr. frumvarpsins mælt fyrir um það nýmæli að lögfesta skyldu til skuldajöfnunar inneignar á móti sakarkostnaði sem innheimtur er samkvæmt 1.–3. mgr. 87. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Ákvæðið er sérregla um úrræði sem innheimtumanni ríkissjóðs er skylt að beita. Á þetta hefur reynt í framkvæmd, sbr. afstöðu umboðsmanns Alþingis sem fram kemur í bréfi hans dags. 17. nóvember 1994. Í því kemur fram að á árinu 1994 hafi umboðsmanni borist kvörtun yfir því að sýslumaður hefði lokið aðalkröfu gjaldanda um endurgreiðslu oftekinna skatta með skuldajöfnun á móti greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt tilteknum dómi Hæstaréttar frá árinu 1991. Afstaða umboðsmanns Alþingis var sú að í samræmi við almennar reglur um skuldajöfnun hefði skuldajöfnun verið heimil og væri því ekki grundvöllur fyrir frekari afskiptum hans af málinu.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að lögfesta þá reglu að innheimtumönnum beri að skuldajafna inneignum á móti erlendum sköttum, gjöldum og sektum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Enn fremur er áréttuð sú regla að skuldajafna skuli barnabótum á móti fyrirframgreiddum barnabótum og ofgreiddum barnabótum. Jafnframt er mælt fyrir um með skýrum hætti að skuldajafna skuli barnabótum á móti kröfu um ofgreiddar barnabætur sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Slík regla hefur ekki verið í reglugerð um greiðslu barnabóta, nr. 555/2004, en á sér stoð í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, um samræmingu almannatryggingakerfa, og nr. 987/2009, um breytingu á fyrri reglugerðinni, sbr. gildistöku þeirra með reglugerðum nr. 442 og 443/2012.

Að lokum er lagt til að lögfest verði sú regla að skuldajafna skuli inneignum gjaldanda á móti gjaldföllnum sköttum, gjöldum og sektum sem gjaldandi ber sjálfskuldarábyrgð á, nema lög mæli fyrir á annan veg. Hér undir fellur m.a. ábyrgð samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og ábyrgð félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags, t.d. ábyrgðaraðilar samlagsfélaga.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð á greiðslu skatta, gjalda og sekta. Með ábyrgð samkvæmt frumvarpi þessu er átt við sjálfskuldarábyrgð, þ.e. ábyrgð sem felur í sér að ábyrgðarmaður er skuldbundinn til greiðslu þeirra skatta sem lagðir eru á aðalskuldara á sama hátt og ef þeir væru lagðir á hann sjálfan. Því má gera aðför hjá ábyrgðarmanni til tryggingar þeim sköttum sem hann ber ábyrgð á samkvæmt lögum. Meginregla í skattarétti er að gjaldanda, sem ákvarðaður er skattur, hvort heldur sá gjaldandi er einstaklingur eða lögaðili, ber einn ábyrgð á greiðslu þeirra skatta. Innheimta skatta hjá þriðja manni er undantekningarregla og því þarf skýr lagaheimild að vera til staðar. Lögbundin sjálfskuldarábyrgð felur í sér að innheimtumaður ríkissjóðs getur gengið að hvorum aðila fyrir sig og er ekki hægt að undanskilja sig ábyrgð með samningi. Hér undir fellur ábyrgð skv. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem tekur m.a. til hjóna, samskattaðs sambúðarfólks og ábyrgðarmanna sameignarfélaga. Enn fremur fellur hér undir ábyrgð ábyrgðaraðila samlagsfélaga og annarra félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um skyldu launagreiðanda til að halda eftir af launum launþega sinna til greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda sem lögð eru á launþega og innheimta ber samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Launagreiðanda ber einnig, að kröfu innheimtumans, að draga af launum launþega þing- og sveitarsjóðsgjöld sem lögð eru á samsköttunaraðila og launþegi ber ábyrgð á skv. 1. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt.

Launagreiðandi ber því sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þeirra gjalda sem honum ber að draga af samkvæmt 1. mgr. 11. gr. hvort sem hann hefur sinnt þeirri skyldu sinni eður ei. Núgildandi lagaákvæði um launaafdrátt er að finna í 115. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en með frumvarpinu er lagt til að það falli brott, sbr. 22. gr. Ekki er um miklar efnislegar breytingar að ræða í 11. gr. frumvarps þessa frá 115. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þar sem framkvæmin verður með sambærilegum hætti og verið hefur en ákvæðið gert skýrara. Helsta breytingin með ákvæðinu er sú að lagt er til að lögfesta skyldu launagreiðanda til að standa skil á afdregnum launum sex dögum eftir útborgun þeirra. Regluna er nú að finna í reglugerð nr. 124/2001, um launaafdrátt. Enn fremur er skýrt kveðið á um að dráttarvextir leggist á frá útborgunardegi skili launagreiðandi ekki fénu eða dragi það ekki af á réttum tíma. Jafnframt er lagt til það nýmæli í 7. mgr. 11. gr. að launaafdráttur sé heimill á meðan launþegi ber ábyrgð á kröfum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti skv. 2. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Þá er einnig lagt til það nýmæli að Innheimtustofnun sveitarfélaga, stéttarfélög og lífeyrissjóðir skuli láta innheimtumanni í té upplýsingar og gögn vegna launaafdráttar, með rafrænum hætti, ef því verður við komið, til að hann geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu við launaafdrátt. Enn fremur er nýmæli að mæla fyrir um að innheimtumaður ríkissjóðs sendi kröfu um launaafdrátt til launagreiðanda á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og jafnframt að ríkisskattstjóra sé heimilt að ákveða á hvaða formi skilgreinar launagreiðanda skuli vera. Með ákvæðinu er innheimtumönnum heimilað að senda kröfur til launagreiðanda einungis með rafrænum hætti ákveði ríkisskattstjóri svo.

Launaafdráttur er hagkvæm, skilvirk og árangursrík leið við innheimtu skatta og gjalda til hagræðis fyrir launþega sem og ríkissjóð. Launaafdrætti vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda er

ekki eingöngu beitt um laun í eiginlegri merkingu þess orðs heldur einnig vegna ágóðabóknunar, ökutækjastyrkja og annarra fríðinda. Greiðsla staðgreiðslu opinberra gjalda samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, gengur frammar launaafdrætti vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 45/1987. Mikilvægt er að greina á milli skyldu launagreiðanda til að halda eftir staðgreiðslu launa samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og launaafdráttar. Launagreiðanda ber að halda eftir og greiða til ríkissjóðs staðgreiðslu af launum sem er í raun bráðabirgðagreiðsla þar til uppgjör fer fram við álagningu ár hvert. Komi í ljós að gjaldandi skuldar við álagningu er launagreiðanda send krafa um afdrátt af launum umfram staðgreiðslu. Sú krafa er krafa um launaafdrátt.

Launaafdráttur vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda er lögbundið innheimtuúrræði sem lýtur ekki reglum stjórnarsýsluréttar um andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Launagreiðanda er því skylt að verða við kröfu innheimtumanns um launaafdrátt vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda. Útreikningur launa fer að jafnaði fram nokkrum dögum fyrir útborgun þeirra og verður launagreiðandi því að fá upplýsingar um þing- og sveitarsjóðsgjöld launþega sinna með nokkrum fyrirvara. Til að launagreiðanda sé unnt að verða við kröfu innheimtumanns er eðli máls samkvæmt nauðsynlegt að innheimtumaður sendi launagreiðanda upplýsingar um þing- og sveitarsjóðsgjöld launþega fyrirfram, jafnvel áður en ríkisskattstjóri hefur birt álagningu opinberra gjalda einstaklinga samkvæmt 98. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekjuskatts, innheimtuúrræðum eða leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu skatta og gjalda, sbr. 4. gr. frumvarps þessa, sbr. einnig 1. másl. 1. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem lagt er til að verði felldur brott með frumvarpi þessu. Launaafdráttur er því heimill í slíkum tilvikum. Sama gildir þegar gjaldandi hefur ekki skilað inn skattframtali til ríkisskattstjóra og skal þá beita launaafdrætti um áætlanir eins og um raunverulega skuld sé að ræða. Lögboðnir dráttarvextir leggjast einnig á skatta og gjöld þrátt fyrir að um þau hafi verið gerð greiðsluáætlun um lækkun launaafdráttar.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild innheimtumanns ríkissjóðs til að gera greiðsluáætlanir við gjaldendur í vanskilum. Heimild innheimtumanna til gerðar greiðsluáætlana hefur ekki verið lögfest heldur hefur hún byggt á meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar. Á árinu 2018 voru gerðar 13.012 greiðsluáætlanir hjá tollstjóra, nú ríkisskattstjóra. Þetta er því virkt innheimtuúrræði sem kemur til móts við gjaldendur í vanskilum.

Þrátt fyrir að reglur um greiðsluáætlanir hafi ekki verið lögfestar áður hefur regla um samningsgerð komið fram í reglugerð um launaafdrátt, nr. 124/2001. Með greiðsluáætlun er gjaldanda veittur greiðslufrestur með því að dreifa greiðslum og fresta þannig innheimtuaðgerðum á meðan gjaldandi stendur við greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun. Hagsmunum ríkissjóðs er þjónað með viðtöku greiðsluáætlana þar sem gjaldandi viðurkennir skuldina með undirritun sinni og rýfur fyrningu hennar. Þar með eykst sá tími sem krafan nýtur lögverndar og unnt er að innheimta hana. Nauðsynlegt er að þessar mikilvægu heimildir innheimtumanns ríkissjóðs séu festar í lög enda um að ræða úrræði sem kemur til móts við gjaldendur í vanskilum. Gjaldandi getur nýtt úrræðið á öllum stigum innheimtu, nema þegar mál hans er komið í fjárnámsferli. Greiðsluáætlanir eru ekki samningar um lækkun eða niðurfellingu krafna á hendur gjaldendum heldur eru þær áætlanir um hvernig vanskilakrafa skuli greidd. Ríkisskattstjóri setur verklagsreglu um nánari skilyrði fyrir gerð greiðsluáætlana.



Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem lög kveða á um, til að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur hjá aðilum sem ekki gera fullnægjandi skil á sköttum og gjöldum. Um íþyngjandi heimild innheimtumanns ríkissjóðs er að ræða og eru því tilkynningar sendar til gjaldenda þar sem varað er við stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskila á tilteknum sköttum og gjöldum. Gjaldendum er gefinn kostur á að gera skil á gjöldunum innan tiltekins tíma áður en til stöðvunar atvinnurekstrar kemur. Í dag eru lagaheimildir til stöðvunar atvinnurekstrar m.a. í gildi varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, sbr. 4. mgr. 18. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, staðgreiðslu tryggingagjalds, sbr. 11. og 4. mgr. 13. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, virðisaukaskatt, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, skilagjald af einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, gistináttaskatt, sbr. 6. gr. laga um gistináttaskatt, nr. 87/2011, og fjársýsluskatt, sbr. 4. mgr. 11. gr. laga um fjársýsluskatt, nr. 165/2011.

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi heimildir ríkisskattstjóra til kyrrsetningar sem fram koma í skattalögum verði færðar yfir í frumvarp þetta með lítills háttar breytingum. Ákvæði sem heimila kyrrsetningu voru leidd í lög með lögum nr. 23/2010 og 24/2011. Þar með voru stjórnvöldum veittar auknar heimildir til kyrrsetningar til að koma í veg fyrir að aðilar undir skattrannsókn komi eignum undan eða færi þær yfir í hendur annarra áður en rannsókn skattrannsóknarstjóra lýkur. Eðlilegt þykir að slíkt ákvæði sé að finna í frumvarpi þessu ásamt ákvæðum um önnur innheimtuúrræði. Því er lagt til að ákvæðið falli úr lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. 22. gr. frumvarpsins, sem og öðrum skattalögum sem hafa að geyma ákvæði um kyrrsetningar, þ.e. úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sbr. 31. gr. a, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, sbr. 20. gr. a, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sbr. 41. gr. a laganna. Ríkisskattstjóri annast rekstur kyrrsetningarmála á landsvísu að beiðni skattrannsóknarstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur skv. ákvæðinu heimild til að kyrrsetja eignir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum til að tryggja greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar þó svo að ekki sé búið að ákvarða kröfuna eða sektina. Kyrrsetning er bráðabirgðaaðgerð og tilgangur hennar er að tryggja að eignir verði fyrir hendi til að gera fjárnám í þegar skattákvörðun eða ákvörðun um sekt liggur fyrir. Málsmeðferð vegna skattalagabrota getur oft tekið mjög langan tíma og því getur verið hætta á að eignum sé komið undan enda má skattaðilum oft vera ljóst þegar við upphaf skattrannsóknar að til endurákvörðunar muni koma og fésektum verði beitt.

Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði tekjuskattslaga um nauðasamning, í 4. mgr. 113. gr., flytjist yfir í frumvarp þetta með ákveðnum breytingum. Nauðasamningur er samningur um greiðslu skulda eða eftirgjöf þeirra, sem kemst á milli skuldara og nauðsynlegs meirihluta kröfuhafa. Til að slíkur samningur öðlist gildi þarf hann að vera staðfestur fyrir dómi. Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, gilda um nauðasamninga. Markmið nauðasamnings er að ráða bót á ógjaldfærni skuldara og þá einkum með því að lækka skuldir þannig að skuldari verði frekar fær um að standa í skilum. Í ákvæðinu eru talin upp í fimm tölulíðum þau skilyrði sem verða að vera uppfyllt svo innheimtumanni ríkissjóðs sé heimilt að samþykka nauðasamning. Bætt hefur verið við skilyrðum fyrir samþykki nauðasamnings og þeim breytt. Horfið er frá aðkomu ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar auk þess sem sett eru þau skilyrði að skattar og gjöld séu ekki byggð á áætlunum stjórnvalda og að gjaldandi skuldi ekki skattsekt yfirskattanefndar, skattsekt skattrannsóknarstjóra eða fésekt ársreikningaskrár ríkisskattstjóra. Með skýrum lagaskilyrðum eru innheimtumönnum ríkissjóðs settar skorður um hvenær

heimilt sé að samþykkja nauðasamning. Í ljósi sérstaks hlutverks ríkisskattstjóra sem innheimtumanns, sbr. 3. gr. þessara laga, skal hann setja verklagsreglur um framkvæmd innheimtumanna við mat á hvort samþykkja eigi nauðasamning. Bæði einstaklingar og lögaðilar geta fengið nauðasamning samþykktan en þó gæti greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara verið skilvirkara og hentugra úrræði fyrir einstaklinga í mörgum tilfellum.

Þá er að finna nýmæli í frumvarpinu, sbr. 16. gr., sem varða heimild ríkisskattstjóra til að afskrifa eldri kröfur vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda einstaklinga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þegar ljóst þykir að kröfurnar verða aldrei að fullu greiddar. Hér er um að ræða undantekningarheimild sem skýra ber þröngt þar sem meginreglan er að gildar kröfur eru ekki afskrifaðar. Þessi heimild kæmi til greina í undantekningartilvikum að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins. Umsóknir um þessa undanþágu skulu berast til ríkisskattstjóra.

Í 17. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild innheimtumanns ríkissjóðs til þess að tilkynna grun um refsiverða háttsemi gjaldenda eða annarra til skatranssóknarstjóra ríkisins eða ákærvaldsins. Jafnframt er mælt fyrir um skyldu innheimtumanns til að veita skatranssóknarstjóra og ákærvaldinu allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té. Heimildin gengur frammar trúnaðar- og þagnarskylduákvæðum frumvarps þessara og annarra laga.

Í 18. gr. frumvarpsins kemur fram að miðlun gagna og málsmeðferð sé heimil með rafrænum hætti, sbr. 39. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Rafræn birting tilkynninga um álagningu skatta og gjalda er nú þegar meginreglan sbr. lög um rafræna birtingu á álagningu skatta og gjalda, nr. 132/2018. Á rafrænni þjónustugátt verður unnt að birta öll samskipti og tilkynningar, t.d. tilkynningar um gjaldfallnar kröfur, inneignir vaxta- og barnabætur, fjárnám og um fyrirhugaða stöðvun atvinnurekstrar. Jafnframt er að því stefnt að gjaldendur geti gert greiðsluáætlanir með rafrænum hætti. Rafræn birting er almennt mun einfaldari í framkvæmd en bréfasendingar og hefur hagræði í för með sér. Enn fremur er rafræn birting öruggari birtingarmáti en bréfasendingar. Þá kemur fram í 2. mgr. ákvæðisins að ríkisskattstjóra sé heimilt að ákveða að greiðsla skatta, gjalda og sekta skuli eingöngu fara fram með rafrænum hætti.

Lagt er til að lögfest verði í 19. gr. ákvæði sem lýtur að heimildum innheimtumanns til þess að fá upplýsingar frá þriðja aðila. Markmiðið er að innheimtumenn ríkissjóðs hafi sambærilegar heimildir til aðgangs að nauðsynlegum upplýsingum og skattyfirvöld hafa skv. 1. og 5. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Jafnframt er lagt til að innheimtumanni verði tryggður sambærilegur aðgangur að upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum og veittur er með 2. mgr. 93. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Nauðsynlegt er að innheimtumaður hafi víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar um eignir og skuldir við innheimtu skatta og gjalda svo hann geti rækt lögbundið hlutverk sitt m.a. við innheimtuaðgerðir og eignakönnun. Gæta skal reglna stjórnarsýsluréttar um meðalhóf og jafnræði við beitingu heimildar þessarar. Hafa ber í huga að skattgreiðendur njóta friðhelgi einkalífs sbr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Því ber að gæta að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Opinberum starfsmönnum ber að gæta þagnarskyldu í störfum sínum. Hingað til hefur 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, verið látin taka til innheimtumanns ríkissjóðs en þar er ekki vísað til hans með beinum hætti. Því þykir ástæða til að setja lagaákvæði sem tekur sérstaklega til innheimtumanns og ítreka þar með þagnarskyldu starfsmanna innheimtumanna ríkissjóðs, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

#### **4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Frumvarp þetta fjallar um innheimtu skatta, gjalda og sekta sem lögð eru á af stjórnvöldum og sem innheimtumönnum ríkissjóðs er falið að innheimta. Gildissvið laganna felur í sér að gæta þarf að samræmi frumvarpsins við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar, sér í lagi er varða 40. og 77. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, um að skattamálum skuli skipað með lögum. Þá varða löginn einnig 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Einnig hefur samræmis verið gætt vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki í skattamálum.

## 5. Samráð.

Frumvarpið snertir alla gjaldendur opinberra skatta, gjalda og sekta sem innheimt eru af innheimtumönnum ríkissjóðs, sem og þá sem skulda skatta, gjöld og sektir í ríkjum sem gert hafa samninga við Ísland.

Frumvarpið er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við innheimtu- og skráasvið ríkisskattstjóra. Samráð var jafnframt haft á vinnslustigi við Fjársýslu ríkisins.

Áform um lagasetningu ásamt frummati á áhrifum lagasetningar voru birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins hinn 2. júlí 2019 og lauk 16. júlí 2019. Tvær umsagnir bárust um áformin, frá sýslumanninum á Norðurlandi vestra og Sýslumannafélagi Íslands þar sem áformunum var fagnað og hvatt til frekara samráðs á vinnslustigi frumvarpsins.

Drög að ákvæðum frumvarpsins ásamt greinargerð voru birt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 24. júlí 2019 með fresti til 28. ágúst til umsagna. Umsagnir sem bárust í samráðsgáttina og einnig beint til ráðuneytisins voru fjórar talsins frá sex aðilum: Ríkisendurskoðun, Persónuvernd, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum fjármálafyrirtækja og Nasdaq CSD. Athugasemdirnar lutu aðallega að ákvæðum frumvarpsins sem varða persónuvernd og Ríkisendurskoðun gerði nokkrar efnislegar athugasemdir við önnur ákvæði. Í kjölfar úrvinnslu umsagna var birt sérstakt skjal á samráðsgátt stjórnvalda þar sem afdrif hvernar athugasemdar og áhrifa hennar á frumvarpið koma skýrt fram. Tekin var ákvörðun um að veita hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með frekari athugasemdir við drögin eftir það með birtingu frumvarpsins á samráðsgátt öðru sinni hinn 11. september 2019 með fresti til athugasemda til 19. september 2019.

Efni frumvarpsins hefur aðeins óbeina skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta.

## 6. Mat á áhrifum.

Ekki er gert ráð fyrir því að þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu muni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Gert er ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi jákvæð áhrif á almannahagsmuni og helstu hagsmunaaðila, þar sem leiddar eru í lög skýrar reglur sem innheimtumönnum ríkissjóðs ber að fara eftir við innheimtu opinberra skatta, gjalda og sekta en sumar þeirra voru hvergi birtar. Sömuleiðis hafa eldri reglur verið endurskoðaðar og skýrðar.

Vænta má að samþykkt frumvarpsins hafi einnig jákvæð áhrif á stjórnsýslu ríkisins.

### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í þessari grein er gildissviði frumvarpsins lýst í fjórum málsgreinum.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að löginn taki til innheimtu á sköttum, gjöldum og sektum ásamt vöxtum, álagi og kostnaði sem lögð eru á af stjórnvöldum og sem innheimtumönnum ríkissjóðs er falið að innheimta. Með sköttum og gjöldum er átt við hvers

konar skatta og gjöld sem lögð eru á lögum samkvæmt og innheimtumönnum ríkissjóðs er falið að innheimta, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Helstu skattar og gjöld sem innheimtumenn innheimta eru tekjuskattur, útsvar sem innheimt er fyrir sveitarfélög, virðisaukaskattur, fjármagnstekjuskattur, tryggingagjald, staðgreiðsla, bifreiðagjald, aðflutningsgjöld, þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga og þinggjöld lögaðila. Með sektum sem lagðar eru á af stjórnvöldum og sem innheimtumanni ríkissjóðs er falið að innheimta er átt við stjórnvaldssektir og dagsektir. Dómsektir og lögreglustjórasetkir falla ekki hér undir þar sem þær eru innheimtar á grundvelli laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Helstu sektir sem innheimtumenn innheimta eru fésekt ársreikningaskrár, skattsekt yfirsattanefndar, skattsekt skattrannsóknarstjóra og ýmsar aðrar stjórnvaldssektir og dagsektir. Innheimtumanni getur verið falið að innheimta sektir með lögum, reglugerðum eða að beiðni annarra þar til berra stjórnvalda.

Í 2. mgr. 1. gr. segir að lögín gildi jafnframt um innheimtu erlendra skatta, gjalda og sekta sem innheimtumanni er falið að innheimta á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Helstu samningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki um gagnkvæma aðstoð við innheimtu skatta og gjalda eru samningur milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá árinu 1989, sbr. lög nr. 46/1990, og milliríkjasamningur milli Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sbr. lög nr. 74/1996. Með erlendum sektum í ákvæði þessu er eingöngu átt við sektir sem innheimtumanni ríkissjóðs er falið að innheimta á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Undir ákvæðið falla ekki erlendar sektir sem Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar er falið að innheimta.

Þá segir í 3. mgr. ákvæðisins að lögín gildi um endurgreiðslur stjórnvalda vegna oftekinna skatta og gjalda. Þá taka lögín einnig til endurgreiðslna vegna oftekinna sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum. Lögín gilda þó ekki um endurgreiðslu sekta sem innheimtar eru á grundvelli laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, eða með vísan til þeirra. Ákvæði þetta á ekki við ef sérákvæði annarra laga um skatta, gjöld og sektir mæla fyrir á annan veg, sbr. 4. mgr. 1. gr. Ákvæði um endurgreiðslu er í 8. gr. frumvarpsins en gildissvið ákvæðisins er afmarkað í 3. mgr. 1. gr. Ákvæðið tekur til endurgreiðslna stjórnvalda en með stjórnvöldum er átt við stjórnvöld í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þ.e. ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Þá hefur ákvæðið víðtækara gildissvið en önnur ákvæði frumvarpsins þar sem það tekur ekki eingöngu til innheimtumanna ríkissjóðs. Þannig tekur það t.d. til endurgreiðslna sýslumanna vegna oftekis erfðafjárskatts og stimpilgjalds. Enn fremur er það nýmæli að ákvæðið taki til endurgreiðslna vegna oftekinna sekta sem lagðar hafa verið á af stjórnvöldum og tekur því ákvæðið t.d. til endurgreiðslna Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar vegna ýmissa stjórnvaldssekta. Með sektum sem lagðar eru á af stjórnvöldum er átt við stjórnvaldssektir og dagsektir.

Með ákvæðinu er lagt til að ákvæði 8. gr. frumvarpsins um endurgreiðslur gildi um allar endurgreiðslur stjórnvalda vegna oftekinna skatta, gjalda og sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum, nema sérstaklega sé tekið fram í öðrum lögum að önnur regla gildi. Slíkar sérreglur eru t.d. í lögum um virðisaukaskatt, sbr. 4. mgr. 28. gr., 3–4. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 29. gr. laganna og hafa þær að geyma sérreglur um dráttarvexti sem ganga framár ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Jafnframt er sérstök regla um endurgreiðslu í 36. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og í 10. gr. a og b. í lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2000.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins kemur til fyllingar 125. gr. tollalaga, nr. 88/2005, þar sem ákvæði tollalaga er ekki jafn ítarlegt. Í 125. gr. tollalaga er sams konar regla um endurgreiðslu og lögð er til í frumvarpi þessu en ákvæði 4.–8. mgr. 8. gr. koma henni til fyllingar. Ákvæðið kemur að auki til fyllingar sérlagaákvæðum um endurgreiðslur sem ekki hafa að geyma ítarleg

ákvæði um endurgreiðslu, t.d. 2. mgr. 114. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, 2. mgr. 14. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, 2. mgr. 11. gr. laga um fjársýsluskatt nr. 165/2011 og 6. mgr. 17. gr. laga um olúgjalld og kílómetragjald, nr. 87/2004. Þá skal ákvæðið gilda um endurgreiðslur þar sem sérlagaákvæði um skatta og gjöld hafa engar reglur um endurgreiðslu, t.d. lög um veiðigjald, nr. 74/2012. Enn fremur skal ákvæðið gilda þegar sérlagaákvæði vísa með almennum hætti til laga um tekjuskatt eða frumvarps þessa verði það að lögum.

Þá segir í 4. mgr. ákvæðisins að sérákvæði annarra laga um skatta, gjöld og sektir, sem mæla fyrir á annan veg, gangi frammar ákvæðum laga þessara. Helstu sérlög um skatta og gjöld eru lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, lög um tryggingagjald, nr. 113/1990, lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, tollalög, nr. 88/2005 og lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996. Í þessari takmörkun á gildissviðinu felst m.a. að sérákvæði annarra laga um skatta og gjöld sem hafa að geyma annars konar ákvæði um gjalddaga, álagningu dráttarvaxta o.fl. ganga frammar 7. gr. frumvarpsins. Sem dæmi má nefna að 1. mgr. 125. gr. tollalaga mælir fyrir um sérreglu um álagningu dráttarvaxta vegna endurákvörðunar. Dráttarvextir geta einnig lagst á sektir í ákveðnum tilvikum samkvæmt sérlögum og ganga þau ákvæði frammar lögum þessum.

#### Um 2. gr.

Í þessari grein eru talin upp í sjö tölulíðum og helstu hugtök og orð sem vísað er til í ákvæðum frumvarpsins skilgreind.

#### Um 3. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins segir að innheimtumenn ríkissjóðs annist innheimtu skatta og gjalda. Fram kemur að með sköttum og gjöldum sé átt við hvers konar skatta og gjöld sem lögð eru á lögum samkvæmt. Þá kemur fram það nýmæli að innheimtumenn annist innheimtu sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum og þeim er falið að innheimta.

Í 2. mgr. segir að ríkisskattstjóri sé innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu og sýslumenn í öðrum umdæmum. Ráðherra geti þó með reglugerð falið öðrum innheimtu tiltekinna gjalda. Þá er hér vísað í hlutverk innheimtumanna sem fram kemur í 2. gr. reglugerðar um innheimtumenn ríkissjóðs, nr. 1060/2014.

Í 3. mgr. er hlutverk ríkisskattstjóra við innheimtu skilgreint. Tekið er fram að auk verkefna sem ríkisskattstjóra eru falin í 2. mgr. skuli ríkisskattstjóri annast nánar tiltekin verkefni er lúta að framkvæmd innheimtu skatta og gjalda. Verkefnin eru í þremur líðum, sem eru þau helstu sem ríkisskattstjóra eru sérstaklega falin. Þriðja atriðið varðar umsjón og þróun tölvukerfa og rafrænnar stjórnarsýslu. Þau verkefni lúta að aukinni rafrænni þjónustu og einföldunar á regluverki og framkvæmd innheimtunnar. Þá hafa þessi verkefni skörun við verkefni Fjársýslu ríkisins, sem annast rekstur sameiginlegra upplýsingakerfa sem tengjast fjármálum hjá ríkisaðilum í A-hluta, svo sem innheimtu, sbr. 64. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

Í 3. gr. reglugerðar um innheimtumenn ríkissjóðs, nr. 1060/2004, er fjallað um sérstakt hlutverk tollstjóra, nú ríkisskattstjóra, en þar eru nefnd fleiri sérstök verkefni sem honum eru falin sem innheimtumanni ríkissjóðs. Þau eru í fyrsta lagi birting almennra greiðsluáskorana, skv. 8. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, fyrir hönd innheimtumanna ríkissjóðs. Í öðru lagi er það ákvarðanatáka um boð innheimtumanna ríkissjóðs í eignir fyrir hönd ríkissjóðs á nauðungaruppboðum en við þá ákvörðun skal tekið mið af því hvernig hagsmunum ríkissjóðs er best borgið. Í þriðja lagi taka ákvarðana um ábyrgð á auknum skiptakostnaði vegna endurheimtu verðmæta við gjaldþrotaskipti. Í fjórða lagi eftirlit með afskriftum skatta og

gjalda á landsvísu. Í fimmta lagi greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við innheimtu opinberra gjalda og í sjötta lagi fræðslustarf fyrir starfsfólk innheimtuembætta um innheimtumálefni. Ríkisskattstjóri fer jafnframt með ákveðin verkefni á landsvísu, sbr. 4.–7. gr. reglugerðarinnar.

#### Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá meginreglu tekjuskattslaga með örlítið breyttum hætti úr 1. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að áfrýjun eða deila um skattskyldu fresti ekki eindaga skatta og gjalda né leysi undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Innheimtumönnum ríkissjóðs ber að innheimta skatta og gjöld sem byggja á áætlunum skattfyrivalda með sama hætti og skuld samkvæmt skattskýrslum. Með skattskýrslum er átt við þær skýrslur sem skila ber til álagningaraðila, t.d. framtöl og skilagreinar. Þá kemur fram að innheimtuúrræðum er ekki frestað þótt skattskýrslu hafi ekki verið skilað eða skattálagning verið kærð. Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða frá núgildandi ákvæði 1. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, heldur er orðalagi breytt til frekari skýringar. Með innheimtuúrræðum er m.a. átt við skuldajöfnun, launaafdrátt, fjárnámsbeiðni og stöðvun atvinnurekstrar.

Í ákvæðinu felst að ágreiningur um skattskyldu frestar ekki innheimtuúrræðum og innheimtumönnum ríkissjóðs ber að innheimta skatta og gjöld sem byggjast á áætlunum með sama hætti og skuld samkvæmt skattskýrslum. Innheimtumanni ríkissjóðs ber að gæta jafnræðis við innheimtu skatta og gjalda og það leiðir af jafnræðisreglu að ekki er hægt að veita einstökum gjaldendum fresti umfram aðra. Þessi regla tryggir að gjaldendur sem ekki sinna lögboðinni skyldu um skattskil njóti þannig ekki betri réttar en þeir sem skila inn skýrslum og framtölum í samræmi við lög. Kæra á áætlun eða beiðni um endurskoðun skatta og gjalda kemur ekki í veg fyrir innheimtu hinna áætluðu skatta og frestar ekki innheimtu. Á grundvelli þessa ákvæðis frestar innheimtumaður ríkissjóðs almennt ekki fyrirtöku málsins hjá sýslumanni eftir að fjárnámsbeiðni hefur verið send sýslumanni, jafnvel þótt öllum gögnum hafi verið skilað til skattfyrivalda.

Innheimtumenn ríkissjóðs gæta að meginreglum stjórnarsýsluréttarins um meðalhóf og jafnræði við innheimtu. Í því sambandi er bent á að áður en fjárnámsbeiðni er send sýslumanni hefur gjaldandi m.a. fengið innheimtubréf þar sem skorað hefur verið á hann að greiða skuldina, almennar greiðsluáskoranir hafa verið birtar í blöðum, álagningarseðill hefur verið birtur gjaldanda og hann hefur haft þann kost að gera greiðsluáætlun til að fresta útsendingu fjárnámsbeiðni. Þá geta gjaldendur að eigin frumkvæði aflað upplýsinga um skuldastöðu sína með rafrænum hætti. Ef um er að ræða áætlun skatta og gjalda getur gjaldandi einnig komið með staðfestingu á framtalsskilum og bráðabirgðaútreikning á gjöldunum. Greiðsluáætlun er þá gerð með hliðsjón af þeim gögnum sem hann leggur fram og getur innheimtumaður þar með frestað því að senda fjárnámsbeiðni til sýslumanns.

Hafi fjárnámsbeiðni verið send sýslumanni er almennt ekki hægt að gera greiðsluáætlun fyrr en beiðnin hefur verið tekin fyrir hjá sýslumanni. Gjaldandi getur þó að ákveðnum skilyrðum uppfylltum gert greiðsluáætlun hjá innheimtumanni og frestað þannig frekari innheimtuaðgerðum, s.s. útsendingu nauðungarsölubeiðni og gjaldþrotaskiptabeiðni.

#### Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er tíunduð sú meginregla að unnt sé að skjóta ákvörðun innheimtumanns til æðra stjórnvalds í samræmi við meginreglur stjórnarsýslulaga sem og að krefjast endurupptöku.

## Um 6. gr.

Kveðið er á um jafnræðisreglu í 6. gr. frumvarpsins, þar sem segir að gæta skuli þess að allir gjaldendur sem eins stendur á um hljóti sams konar meðferð. Um grundvallarreglu er að ræða sem er einnig undirstaða annarra ákvæða í frumvarpi þessu, s.s. 8. gr. um endurgreiðslu ofgreiddra skatta og gjalda, 7. gr. um álagningu dráttarvaxta, 4. gr. um að innheimtuúrræðum sé ekki frestað o.fl. Ákvæðinu er ætlað að koma í stað 2. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en er þó orðað með almennari hætti.

Ríkisskattstjóra er falið samræmingar- og eftirlitshlutverk gagnvart öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs sem felur m.a. í sér að setja verklagsreglur um innheimtu opinberra skatta og gjalda, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Hlutverk verklagsreglna er að tryggja samræmt verklag hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Þannig er stuðlað að samræmdum innheimtuaðgerðum hjá öllum innheimtumönnum ríkissjóðs og jafnræði gjaldenda óháð búsetu þeirra.

## Um 7. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að hafi skattar eða gjöld ekki verið greidd á eindaga skuli greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Í lögboðnum tilvikum bætist við álag. Þá er tekið fram að dráttarvextir sem leggjast á skatta og gjöld eru hluti kröfunnar og fýrnast ekki sjálfstætt. Sú regla hefur verið staðfest í dómaframkvæmd, t.d. með dómi Hæstaréttar í máli nr. 238/2017, þar sem vísað var til 1. mgr. 2. gr. laga um fyrningu kröfurettinda, nr. 150/2007. Rétt þykir að áréttu regluna í frumvarpi þessu til skýringar fyrir gjaldendur.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að vextir höfuðstólsfærist í samræmi við 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Í 3. mgr. ákvæðisins segir að óheimilt sé að lækka eða fella niður dráttarvexti og álag nema lög mæli fyrir á annan veg. Innheimtumenn ríkissjóðs eru bundnir af jafnræðisreglu stjórnýslu- og skattaréttar við innheimtu skatta og gjalda. Það þýðir að þeim ber að fara eins með alla gjaldendur sem eins er ástatt um. Því er ekki unnt að veita einstökum gjaldendum ívilnanir á borð við að lækka eða fella niður dráttarvexti án þess að þess finnist stoð í lögum.

Þá segir í 4. mgr. 7. gr. að gjaldandi skuli greiða lögboðinn kostnað vegna innheimtuaðgerða og óheimilt sé að fella hann niður. Kostnaður er lagður á kröfu á grundvelli laga og reglna, sbr. t.d. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, og verður því ekki felldur niður. Gjaldandi ber því ábyrgð á kostnaði sem fellur til vegna aðfarargerða, t.d. fjárnámsgjaldi og þinglýsingargjaldi. Þó svo að krafa lækki við skattbreytingu ber gjaldandi ábyrgð á þeim innheimtukostnaði sem stofnast hefur vegna innheimtuaðgerða. Um ábyrgð gjaldanda á kostnaði vísast m.a. til álits umboðsmanns Alþingis, í máli nr. 2777/1999, þar sem fram kemur m.a. að það sé almenn regla að kröfuhafi geti krafist skuldara um þann kostnað sem stafar af réttmætum ráðstöfunum til innheimtu kröfu vegna vanskila skuldara, þannig að kröfuhafi verði skaðlaus.

Í 5. mgr. 7. gr. kemur fram að skattar, gjöld og sektir sem ekki hafa verið greidd á gjalddaga eru í vanskilum. Þetta á við þrátt fyrir að eindagi sé ekki kominn. Ákvæðið hefur þýðingu m.a. vegna útgáfu skuldleysivottorða til gjaldanda en innheimtumaður ríkissjóðs gefur ekki út skuldleysivottorð til gjaldanda ef kröfur eru fallnar á gjalddaga. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 525/2011 kom fram að skattkröfur sem ekki voru greiddar á gjalddaga væru í vanskilum.

## Um 8. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórnvöld skuli endurgreiða skatta, gjöld og sektir sem ofgreidd reynast lögum samkvæmt. Með stjórnvöldum er átt við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra í skilningi stjórnáslagala, nr. 37/1993. Ákvæðið tekur bæði til þess fjár sem kann að vera oftekið að kröfu stjórnvalda og þess sem greitt er umfram lagaskyldu af ástæðum sem eru gjaldanda sjálfum um að kenna. Í báðum tilvikum á gjaldandi rétt á endurgreiðslu og óháð því hvort hann hafi innt af hendi greiðslu með fyrirvara um lögmæti kröfu eða gert kröfu um endurgreiðslu. Þá segir að endurgreiðslan skuli greidd með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Gildir það óháð orsökum ofgreiðslunnar. Vextir eru greiddir frá þeim tíma sem ofgreitt var og þar til endurgreiðsla á sér stað, þ.e. fyrir allan þann tíma sem féð er í vörslu ríkissjóðs. Þá segir að vextir skuli þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Ef gjaldandi á rétt á dráttarvöxtum leggjast vextir skv. 1. mgr. 8. gr. þó ekki á frá þeim tíma sem dráttarvextir leggjast á. Stjórnvöld skulu sjálf hafa frumkvæði að endurgreiðslum skv. 1. mgr. um leið og ofgreiðslan verður ljós enda hafi gjaldandi veitt stjórnvöldum upplýsingar um bankareikning.

Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. mgr. 114. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, flytjist yfir í frumvarp þetta, sbr. 22. gr. frumvarpsins, og haldist óbreytt að öðru leyti. Dráttarvextir eru þannig greiddir frá því tímamarki sem yfirs kattanevnd ber að vera búin að kveða upp úrskurð sinn, af fjárhæð sem yfirs kattanevnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar. Fram að þeim tíma leggjast vextir á kröfuna í samræmi við 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Regla þessi tryggir að gjaldendur sem greiða umdeilda kröfu hafi sem mesta hagsmuni af því að fara strax með mál til yfirs kattanevndar. Dráttur á slíku frumkvæði af hálfu gjaldanda leiði þannig ekki til hærri dráttarvaxtagreiðslna.

Í 3. mgr. ákvæðisins segir að hafi dómsmál verið höfðað til endurgreiðslu skatta, gjalda eða sekta megi krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma sem dómsmál telst höfðað. Endurgreiðsla getur þó aldrei farið fram fyrr en dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að fella beri niður kröfu eða henni skuli breytt. Fram að málshöfðunardegi leggjast vextir á kröfuna í samræmi við 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 4. og 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins eru sett strangari skilyrði en í núgildandi lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna, um hvenær greiða skuli gjaldanda dráttarvexti vegna oftekinna skatta, gjalda og sekta hafi krafa verið gerð um endurgreiðslu. Sjónarmið að baki þessari nýju reglu er að tryggja jafnræði gjaldanda og að þeir verði eins settir óháð því hvaða sérþekkingu eða sérfræðiaðstoð þeir búa yfir eða njóta. Ákvæði 4. og 5. mgr. 8. gr. frumvarps þessa hafa að geyma sérreglur sem ganga frammar ákvæði 1. og 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, verði þau að lögum, sbr. 6. mgr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. frumvarpsins tekur til þeirra tilvika þegar krafa um endurgreiðslu er gerð eftir að inneign hefur myndast en ákvæði 5. mgr. tekur til þeirra tilvika þegar krafa um endurgreiðslu er gerð áður en inneign hefur myndast. Kveðið er á um í 4. mgr. frumvarpsins að sé inneign í sköttum, gjöldum eða sektum til staðar þegar krafa um endurgreiðslu er gerð skuli greiða gjaldanda dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi sem krafa er gerð til greiðsludags, fari endurgreiðsla ekki fram innan 30 daga frá þeim degi sem krafa er gerð. Dráttarvextir leggjast því ekki á kröfuna ef hún er endurgreidd innan 30 daga frá því krafa er gerð. Í 5. mgr. frumvarpsins segir að sé inneign í sköttum, gjöldum eða sektum ekki til staðar þegar krafa um endurgreiðslu er gerð skuli greiða gjaldanda dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi sem inneign myndaðist til greiðsludags, fari endurgreiðsla ekki fram innan 30 daga frá



þeim degi sem inneign myndaðist. Í þessu tilviki leggjast dráttarvextir ekki á kröfuna ef hún er endurgreidd innan 30 daga frá því inneignin myndaðist.

Með „inneign í sköttum, gjöldum eða sektum er til staðar“ eða „myndun inneignar“ er átt við þann dag sem þar til bært stjórnvald hefur úrskurðað um inneigna. Með myndun inneignar er ekki átt við það tímamark þegar fé var oftekið.

Krafa um endurgreiðslu eða fyrirvari með greiðslu hafa þannig ekki þýðingu fyrir álagningu dráttarvaxta nema inneign hafi myndast og 30 dagar eru liðnir frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Þessi regla hvetur gjaldendur til að gera reka að endurgreiðslu eftir að inneign hefur myndast en eftir sem áður hvílir sú skylda á stjórnvöldum að hafa frumkvæði að endurgreiðslu svo fljótt sem ljóst verður að ofgreiðsla hafi átt sér stað. Kröfu um endurgreiðslu skal almennt beint til innheimtumanns ríkissjóðs, sem sér um endurgreiðslur vegna ofgreiddra skatta og annarra inneigna sem myndast í skattkerfinu.

Í 6. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði 4. og 5. mgr. ákvæðisins gangi fram 1. og 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Með þessu er áréttuð sú regla sem lögð er til í 4. og 5. mgr. frumvarpsins um að krafa um endurgreiðslu hafi ekki þýðingu fyrr en inneign hefur myndast. Gjaldandi getur því ekki öðlast ríkari rétt til dráttarvaxta með því að byggja á lögum um vexti og verðtryggingu.

Í 7. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lagt til að endurgreiðsla skuli eingöngu fara fram með innborgun á bankareikning á nafni gjaldanda. Sé gefinn upp erlendur bankareikningur er innheimtumanni ríkissjóðs heimilt að draga frá inneign þóknun banka fyrir millifærslu til útlanda. Eðlilegt er að slíkur viðbótarkostnaður leggist á viðtakanda greiðslunnar. Þá er jafnframt kveðið á um að innborgun á bankareikning gjaldanda getur ekki farið fram ef skilyrði til skuldajöfnunar eru fyrir hendi. Með vísan til sjónarmiða um viðtökudrátt getur gjaldandi ekki öðlast rétt til dráttarvaxta hafi hann ekki veitt upplýsingar um bankareikning til útborgunar. Gjaldendur eiga ekki að hafa hag af því að draga að veita upplýsingar um bankareikning.

Í 8. mgr. 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að fjórum árum eftir greiðslu eða eftir að inneign myndast falli endurgreiðslukrafa niður fyrir fyrningu og er sú regla sambærileg núgildandi reglu í 4. gr. laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995 og í samræmi við almennan fyrningarfræst krafna skv. lögum um fyrningu kröfurettinda, nr. 150/2007.

#### Um 9. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skuldajafna skuli inneignum á móti gjaldföllum sköttum, gjöldum, sektum og sakarkostnaði, nema lög mæli fyrir á annan veg. Barnabætur eru undanþegnar sbr. 4. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en þó er skylt að skuldajafna þeim á móti fyrirframgreiddum barnabótum og ofgreiddum barnabótum. Með inneignum er átt við lögbundnar endurgreiðslur úr skattkerfinu, t.d. vegna ofgreiðslu gjaldanda, vaxtabóta og barnabóta og ýmissa skattbreytinga til lækkunar.

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. að skuldajafna skuli jafnframt inneignum á móti erlendum sköttum, gjöldum og sektum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki, nema lög mæli fyrir á annan veg.

Í 3. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um að barnabótum skuli skuldajafnað á móti fyrirframgreiddum barnabótum og ofgreiddum barnabótum. Regla þessi er í samræmi við 7. gr. reglugerðar um greiðslu barnabóta, nr. 555/2004, sbr. 4. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Lagt er til að lögfesta regluna sem nú er í reglugerðarákvæði til skýringar fyrir gjaldendur sem hafa oft mikilla hagsmuna að gæta. Í ákvæðinu kemur

jafnframt fram að skuldajafna skuli barnabótum á móti kröfu um ofgreiddar barnabætur sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Rétt þykir einnig að veita þessari reglu skýra lagastoð.

Í 4. mgr. 9. gr. kemur fram að skuldajafna skuli inneignum gjaldanda á móti gjaldföllnum sköttum, gjöldum og sektum sem gjaldandi ber sjálfskuldarábyrgð á, nema lög mæli fyrir á annan veg. Hér undir fellur skuldajöfnun á inneignum gjaldanda á móti gjaldföllnum sköttum, gjöldum og sektum sem gjaldandi ber sjálfskuldarábyrgð á skv. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Enn fremur fellur undir ákvæðið ábyrgð félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags t.d. ábyrgðaraðilar sameignar- og samlagsfélaga, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 1. mgr. 8. gr. laga um sameignarfélag, nr. 50/2007, og a-lið 1. mgr. 33. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903. Með frumvarpi þessu er áréttað að ofgreiddri staðgreiðslu er skuldajafnað á móti gjaldföllnum þing- og sveitarsjóðsgjöldum samskattaðs sambúðarfólks og hjóna, með vísan til sjálfskuldarábyrgðar þeirra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og 1. mgr. 36. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Sama gildir um inneignir í þing- og sveitarsjóðsgjöldum.

#### Um 10. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. kemur fram að beri gjaldandi ábyrgð á greiðslu skatta, gjalda eða sekta þriðja aðila samkvæmt öðrum lögum getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að honum til greiðslu þeirra skulda sem hann ber ábyrgð á. Með lögum er m.a. átt við 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. 30. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, 1. mgr. 8. gr. laga um sameignarfélag, nr. 50/2007, og a-lið 1. mgr. 33. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903. Ábyrgð samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, tekur m.a. til hjóna og samskattaðs sambúðarfólks, ábyrgðarmanna sameignarfélaga, lögráðamanna vegna skulda ófjárráða einstaklinga og erfingja þegar dánarbú er tekið til einkaskipta. Undir ákvæði frumvarpsins fellur ábyrgð annarra félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags, t.d. eiganda einkafirma og ábyrgðaraðila samlagsfélaga.

Ábyrgð hjóna og samskattaðs sambúðarfólks samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, tekur eingöngu til þing- og sveitarsjóðsgjalda. Ábyrgð félagsmanna sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð tekur til heildarskuldbindinga félags, þ.e. skatta, gjalda og sekta, sbr. t.d. 1. mgr. 8. gr. laga um sameignarfélag, nr. 50/2007, og a-lið 1. mgr. 33. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903. Ábyrgð erfingja vegna dánarbús sem er skipt einkaskiptum tekur til allra skatta, gjalda og sekta, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, og 2. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins segir að gera megji aðför hjá þeim, sem ábyrgð beri á sköttum, gjöldum eða sektum, til tryggingar þeim skuldum er hann ber ábyrgð á samkvæmt lögum.

Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins segir að með ábyrgð samkvæmt þessari grein sé átt við sjálfskuldarábyrgð. Innheimtumanni er heimilt að hefja innheimtu gagnvart ábyrgðaraðila þrátt fyrir að innheimta hafi ekki verið fullreynd gagnvart þeim gjaldanda er álagning beinist að.

#### Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu launagreiðanda að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs að halda eftir af launum launþega til greiðslu þing- og

sveitarsjóðsgjalda sem lögð eru á launþega og innheimta ber samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Þá er launagreiðendum skylt að kröfu innheimtumanns að halda eftir af launum launþega til greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda sem hann ber sjálfskuldarábyrgð á skv. 1. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Skilgreiningu á þing- og sveitarsjóðsgjöldum er að finna í 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 11. gr. er kveðið á um að frádráttur launagreiðanda vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, þing- og sveitarsjóðsgjalda, lögbundinna iðgjalda í lífeyrissjóð og stéttarfélag og meðlags samkvæmt kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga skuli aldrei vera meiri en sem nemur 75% af heildarlaunum launþega. Launþegi skuli því halda eftir að lágmarki 25% til framfærslu. Lífeyrissjóðsiðgjöld umfram 4% af iðgjaldsstofni falla ekki undir þessa reglu. Ef launþegi sem skuldar þing- og sveitarsjóðsgjöld vill lækka þá fjárhæð sem haldið er eftir af launum hefur hann möguleika á að gera greiðsluáætlun hjá innheimtumanni ríkissjóðs að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Á grundvelli sérákvæða í lögum ganga skil launagreiðanda á staðgreiðslu og vangoldnum meðlagsgreiðslum framur kröfu innheimtumanna um launaafdrátt, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga nr. 491/1996 og 3. mgr. 15. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Í 3. mgr. 11. gr. er lögfest skylda launagreiðanda til að standa skil á afdregnum launum skv. 1. mgr. sex dögum eftir útborgun þeirra. Beri lokadag skilafrests upp á almennum frídegi lengist fresturinn til næsta virka dags þar á eftir. Að öðru leyti ber að telja frídaga með þegar fresturinn er reiknaður sbr. 8. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993. Í þeim tilvikum sem um er að ræða fleiri en einn útborgunardag í mánuði, skal miða við fyrsta útborgunardag. Regluna er nú að finna í reglugerð um launaafdrátt, nr. 124/2001. Lagt er til að ákvæði reglugerðarinnar verði fært í lög. Ætla má að framkvæmdin verði skilvirkari enda er skýr ábyrgð lögð á launagreiðanda um skil innan sex virkra daga frá útborgunardegi. Sex daga reglan byggir á því sjónarmiði að launagreiðandi fari ekki með vörslur fjár sem er í eigu ríkissjóðs lengur en nauðsyn krefur. Telja verður að sex daga frestur sé nægilegur fyrir launagreiðanda og sé einnig launþega í hag í þeim tilvikum sem launaafdráttur er rangur og hann á von á endurgreiðslu. Einnig er það gjaldanda í hag að greitt sé sem fyrst eftir útborgunardag í þeim tilvikum þar sem um eldri þing- og sveitarsjóðsgjöld er að ræða sem vextir leggjast á daglega. Þá segir í lokamálslið 3. mgr. að innheimtumaður sendi kröfu um launaafdrátt til launagreiðanda á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Þegar litið er til þróunar rafrænna möguleika í stjórnýslunni verður að horfa til aukinna rafrænna skila. Með ákvæðinu er innheimtumanni ríkissjóðs heimilað að senda kröfur á launagreiðanda einungis með rafrænum hætti. Sama gildir um skil launagreiðanda á sundurliðunum um launaafdrátt til innheimtumanns.

Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að launagreiðandi, sem eigi hefur skilað fé á réttum degi er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt 1. mgr. skuli greiða dráttarvexti skv. 7. gr. Gjaldldagi er útborgunardagur launa og eindagi sá dagur sem launagreiðanda bar að skila fénu til innheimtumanns sbr. 3. mgr. Dráttarvextir leggjast því á frá útborgunardegi launa hafi launagreiðandi ekki skilað fénu eða dregið það af sex dögum eftir útborgun launa. Launagreiðendur eiga ekki að hagnast á því ef fénu er ekki skilað á réttum tíma eða ekki hefur verið dregið af launum. Það er auk þess launagreiðanda í hag að staðið sé rétt að skilum þing- og sveitarsjóðsgjalda í ljósi þeirrar sjálfskuldarábyrgðar er hvílir á honum samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar.

Í 5. mgr. 11. gr. er kveðið á um sjálfskuldarábyrgð launagreiðanda ef hann hefur vanrækt skyldu sína um launaafdrátt skv. 1. mgr. ákvæðisins. Með sjálfskuldarábyrgð er átt við að ábyrgðarmaður er skuldbundinn til greiðslu þeirra skatta sem lagðir eru á aðalskuldara á sama

hátt og ef þeir væru lagðir á hann sjálfan. Lögbundin sjálfskuldarábyrgð felur í sér að innheimtumaður ríkissjóðs getur gengið að hvorum aðila fyrir sig og er ekki hægt að undanskilja sig ábyrgð með samningi. Þrátt fyrir ábyrgð launagreiðanda getur launþegi ekki firrt sig ábyrgð vegna þessa þar sem um óskipta ábyrgð er að ræða. Launþega ber að fylgjast með afdrætti launagreiðanda vegna greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda, t.a.m. á launaseðli. Launþegi ber þó ekki ábyrgð á greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans en ekki skilað til ríkissjóðs. Geri launagreiðandi ekki skil á afdregnu fé er staða launþegans með þeim hætti að hann hefur í raun innt skattgreiðslu sína af hendi en hún ekki komist til skila til innheimtumans vegna vanrækslu launagreiðanda. Með framvísun launaseðils er innheimtumanni heimilt að færa þá fjárhæð sem launagreiðandi dró af launum launþega en skilaði ekki til innheimtumans ríkissjóðs yfir á launagreiðanda en fella hana að sama skapi niður hjá launþega. Innheimta beinist þá að launagreiðanda en ekki launþega.

Í 6. mgr. 11. gr. segir að krafa vegna fjár sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein sé aðfararhæf samkvæmt lögum gagnvart launagreiðanda án undangengins dóms eða sáttar. Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá núgildandi ákvæði.

Í 7. mgr. 11. gr. kemur fram það nýmæli að Innheimtustofnun sveitarfélaga, stéttarfélög og lífeyrissjóðir skulu láta innheimtumanni í té upplýsingar og gögn vegna launaafdráttar með rafrænum hætti ef því verður við komið og án endurgjalds í þeim tilgangi að innheimtumaður geti rækt hlutverk sitt samkvæmt ákvæði þessu. Á grundvelli þessara upplýsinga og með framvísun launaseðils getur innheimtumaður ákvarðað fjárhæðar þeirrar kröfu sem launagreiðandi ber ábyrgð á. Þar sem launaafdráttur vegna vangoldins meðlags nýtur forgangs fram yfir launaafdrátt vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda er innheimtumanni nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar til þess að unnt sé að ákvarða fjárhæð þeirrar kröfu sem launagreiðandi ber ábyrgð á, sbr. 5. mgr. ákvæðisins. Með ákvæðinu er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, en upplýsingar um aðild að stéttarfélögum teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Ákvæðinu er m.a. ætlað að tryggja heimild innheimtumans til upplýsinga frá Innheimtustofnun sveitarfélaga sem býr yfir upplýsingum sem nauðsynlegar eru svo innheimtumaður geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Upplýsingar um meðlagsgreiðslur er dæmi um upplýsingar sem nauðsynlegar eru í ákveðnum tilvikum við beitingu launaafdráttar skv. 11. gr. frumvarpsins. Til að unnt sé að ganga á launagreiðanda á grundvelli þeirrar ábyrgðar sem lögð er á hann verður að liggja fyrir hvort launagreiðandi sé jafnframt að beita launaafdrætti vegna meðlagsgreiðslna að beiðni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Sama gildir um önnur launatengd gjöld, þ.m.t. iðgjöld í lífeyrissjóði og stéttarfélög.

Í 8. mgr. 11. gr. segir að launaafdráttur sé heimill á meðan launþegi ber ábyrgð á kröfum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti skv. 2. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að beita launaafdrætti hjá einstaklingi sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota í tvö ár eftir skiptalok en þá fellur krafan almennt niður fyrir fyrningu. Í þessu samhengi vísast til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1899/2015.

Í 9. mgr. 11. gr. ákvæðisins segir að í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar. Í dag er í gildi reglugerð um launaafdrátt, nr. 124/2001, en sú reglugerð þarfnast endurskoðunar.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins segir að innheimtumanni sé heimilt að gera greiðsluáætlun við gjaldanda. Um er að ræða heimild fyrir innheimtumann en ekki skyldu og frumkvæðið að gerð greiðsluáætlunar kemur frá gjaldanda. Greiðsluáætlun er ívilnandi úrræði sem kemur til móts við gjaldendur sem geta ekki greitt skatta, gjöld eða sektir á gjalddaga. Greiðsluáætlun er gerð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem koma fram í verklagsreglum. Með greiðsluáætlun er greiðslubyrðinni dreift yfir ákveðið tímabil. Þá viðurkennir gjaldandi kröfuna með gerð greiðsluáætlunar og rýfur fyrningu þeirra krafna sem falla undir hana. Ef aðrir innheimtumenn eru umsjónarmenn krafna sem falla undir greiðsluáætlun þarf samþykki þeirra fyrir greiðsluáætlun.

Gild greiðsluáætlun frestar innheimtuaðgerðum nema hætta leiki á að hagsmunir ríkissjóðs fari annars forgörðum. Innheimtumaður ríkissjóðs metur í hverju tilviki fyrir sig hvort hægt sé að fallast á greiðsluáætlun með hliðsjón af verklagsreglum. Í ákveðnum tilvikum á gjaldandi þess ekki kost að gera gilda greiðsluáætlun og fresta þar með innheimtuaðgerðum. Það á t.d. almennt við eftir að fjárnámsbeiðni hefur verið send til sýslumanns en þá getur hann ekki gert greiðsluáætlun fyrr en að sýslumaður hefur tekið beiðnina fyrir. Eftir að greiðsluáætlun hefur verið gerð getur í ákveðnum tilvikum verið hætta á að hagsmunir ríkissjóðs fari forgörðum, sbr. t.d. 60. gr. laga um aðför, nr. 90/1989 eða þegar ábyrgð samsköttunaraðila, skv. 116. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, er að falla niður. Samkvæmt ákvæði 60. gr. laga um aðför þarf að senda út nauðungarsölubeiðni vegna fjárnáms í lausafé innan árs frá því að fjárnám var gert, ella fellur það sjálfkrafa niður. Við þessar aðstæður verður að senda út nauðungarsölubeiðni til að koma í veg fyrir að tryggingarréttur innheimtumanns tapist og skiptir þá ekki máli þó gjaldandi sé með gilda greiðsluáætlun. Greiðsluáætlanir falla úr gildi ef ekki er staðið við þær, t.d. ef greiðslur berast ekki á réttum tíma. Greiðsluáætlun veitir einungis frest á innheimtuaðgerðum á meðan gjaldandi greiðir inn á kröfuna samkvæmt greiðsluáætlun.

Í 2. mgr. 12. gr. segir að lögboðnir dráttarvextir leggist á skatta og gjöld þrátt fyrir að um þau hafi verið gerð greiðsluáætlun. Greiðsluáætlun kemur ekki í veg fyrir að dráttarvextir haldi áfram að leggjast á kröfur sem eru í greiðsluáætluninni. Það væri ósanngjarnt gagnvart skilvísnum gjaldendum ef önnur regla gildi. Það er því gjaldanda í hag að greiða skuld upp sem fyrst þar sem hún ber dráttarvexti þrátt fyrir að um hana hafi verið gerð greiðsluáætlun.

Í 3. mgr. 12. gr. segir að gerð greiðsluáætlunar hafi ekki áhrif á skuldajöfnun hvers konar inneigna sem myndast í skattkerfinu og gjaldandi hafi ekki forræði á stýringu greiðslna inn á gjaldflokka samkvæmt greiðsluáætlun. Skuldajöfnun kemur ekki í veg fyrir skyldu gjaldanda til greiðslu samkvæmt greiðsluáætlun nema þegar skuldin greiðist upp með skuldajöfnun.

Í 4. mgr. 12. gr. segir að ákvörðun um gerð greiðsluáætlana einstaklinga sé heimil á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu, þ.m.t. á grundvelli persónusniðs. Gjaldandi á rétt til mannlegrar íhlutunar af hálfu innheimtumanns til að láta skoðun sína í ljós og vefengja ákvörðunina. Hér er tekið tillit til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, en í 22. gr. þeirra segir að skráður einstaklingur skuli eiga rétt á því að ekki sé tekin ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu, þ.m.t. gerðar persónusniðs sbr. 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Undantekningar frá þessari reglu er að finna í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 þar sem segir að heimilt sé að taka ákvörðun á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu ef heimild er í lögum sambandsins eða í lögum aðildarríkis sem ábyrgðaraðili heyrir undir og þar sem einnig er kveðið á um viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi, frelsi og lögmæta hagsmuni hins skráða. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skal ábyrgðaraðili gagna gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi og

frelsi og lögmæta hagsmuni hins skráða, a.m.k. réttinn til mannlegrar íhlutunar af hálfu ábyrgðaraðilans til að láta skoðun sína í ljós og til að vefengja ákvörðunina.

Í 5. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um heimild innheimtumanns til þess að skrá upplýsingar um ógilda greiðsluáætlun hjá fjárhagsupplýsingastofum sem hafa starfsleyfi skv. 15. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 til að miðla upplýsingum um vanskil og með því verður hann skráður á vanskilaskrá á ný. Eftir að árangurlaust fjárnám hefur verið gert sendir sýslumaður tilkynningu um að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá gjaldanda til þess sem hefur starfsleyfi skv. 15. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Geri viðkomandi gjaldandi greiðsluáætlun hjá innheimtumanni ríkissjóðs getur innheimtumaður, að beiðni gjaldanda, óskað eftir að gjaldanda sé haldið utan við vanskilaskrá. Falli sú greiðsluáætlun úr gildi er lagt til í frumvarpi þessu að innheimtumaður hafi heimild til þess að skrá upplýsingar um vanskil vegna ógildrar greiðsluáætlunar hjá starfsleyfishafa. Tilgangurinn með heimild þessari er að tryggja jafnræði gjaldanda. Gjaldendur sem hafa gert greiðsluáætlun í kjölfar árangurslauss fjárnáms og ekki staðið við hana eða endurnýjað hana að gildistíma hennar loknum eru þannig ekki í betri stöðu en þeir gjaldendur sem gerðu enga greiðsluáætlun í kjölfar árangurslauss fjárnáms, þ.e. báðir aðilar eru skráðir á vanskilaskrá.

Í 6. mgr. 12. gr. segir að ríkisskattstjóri setji verklagsreglu um greiðsluáætlanir og nánari skilyrði fyrir gerð þeirra. Meta þarf t.a.m. hvort greiðsluáætlunin þjóni hagsmunum ríkissjóðs. Ýmis atriði þarf að kanna samhliða, m.a. aldur og fjárhæð skuldar og hvernar tegundar og hvers eðlis skuldin er. Þá þarf að kanna í hvaða ferli vanskilin eru komin, t.d. hvort aðfararbeiðni hafi verið send til sýslumanns. Eftir að aðfararbeiðni hefur verið send til sýslumanns til fullnustu kröfu er ekki hægt að gera greiðsluáætlun um gjöldin fyrr en sýslumaður er búinn að taka beiðnina fyrir. Þó er heimilt að gera greiðsluáætlun um launaafdrátt í þeim tilvikum sem aðfararbeiðni hefur þegar verið send til sýslumanns. Það frestar þó ekki fyrirtöku beiðninnar.

Við ákvarðanatöku um gerð greiðsluáætlunar verður innheimtumaður að byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Ekki gilda að öllu leyti sömu skilyrði við gerð greiðsluáætlunar hjá einstaklingum og lögaðilum. Þegar gerð er greiðsluáætlun við einstaklinga er t.d. tekið mið af framfærslusjónarmiðum en það á ekki við um lögaðila. Sjónarmið um vörsluskatta og skattsektir skipta máli. Þá geta niðurstöður áhættugreiningar haft áhrif á mat á því hvort og hvernig greiðsluáætlun er gerð. Ekki er heimilt að gera greiðsluáætlun um öll gjöld, svo sem erfðafjárskatt þar sem erfðafjárskattur er ekki lagður á nema að í dánarbúi finnist eignir og erfingjum ber að greiða skatt af þessum eignum. Einnig eru takmarkanir á gerð greiðsluáætlunar vegna bifreiðagjalda þar sem greiðsla bifreiðagjalda er skilyrði fyrir því að ökutæki fái skoðun hjá skoðunarstöðvum og eigendaskipti geta ekki farið fram ef bifreiðagjöld af ökutækinu eru í vanskilum, sbr. 67 gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ef forsendur fyrir gerð greiðsluáætlunar eru brostnar er innheimtumanni heimilt að ógilda greiðsluáætlun. Í texta greiðsluáætlunar sem gjaldandi samþykkir kemur fram í hvaða tilvikum innheimtumenn geta fellt greiðsluáætlun úr gildi auk þess sem þau tilvik eru tilgreind í verklagsreglu. Innheimtumanni er heimilt að fella greiðsluáætlun úr gildi uppfylli gjaldandi ekki lengur skilyrði greiðsluáætlunar, m.a. ef greiðslur berast ekki í samræmi við greiðsluáætlun og ef vanskil verða á nýjum álagningum, áætlunum, hækkunum eða breytingum.

Um 13. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem lög kveða á um, til að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur hjá aðilum sem ekki gera fullnægjandi

skil á sköttum og gjöldum. Um íþyngjandi heimild innheimtumanns ríkissjóðs er að ræða og er því send tilkynning til gjaldanda þar sem varað er við stöðvun atvinnurekstrar vegna vanskila á tilteknum sköttum og gjöldum. Gjaldendum er gefinn sjö daga frestur til að greiða kröfurnar eða gera greiðsluáætlun um greiðslu þeirra áður en til stöðvunar atvinnurekstrar kemur. Um útreikning frests gildir 8. gr. stjórnisýslulaga, nr. 37/1993. Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta virka dags. Að öðru leyti ber að telja frídaga með sem eru innan frestsins þegar fresturinn er reiknaður.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins segir að til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sé heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 45/1987, beinist að ef hættu þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Með sama hætti er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem bera ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og hjá aðilum sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags. Í lokamálslið 1. mgr. er lagt til að lögfesta skýra heimild fyrir ríkisskattstjóra til kyrrsetningar hjá aðilum sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags. Hér undir falla t.d. ábyrgðaraðilar samlagsfélags. Ákvæðið veitir heimild til kyrrsetningar til tryggingar væntanlegri skattkröfu, fésekt og sakarkostnaðar. Með þessu móti er gætt að jafnræði við beitingu kyrrsetningar og tryggt að sambærilegar reglur gildi milli félagafirma þar sem aðilar bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags, t.d. milli sameignar- og samlagsfélaga.

Greinin er sambærileg nógildandi 6. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þar sem mælt er fyrir um heimild ríkisskattstjóra til kyrrsetningar eigna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þegar grunur leikur á um brot gegn skattalögum getur rannsókn eðli máls samkvæmt tekið langan tíma. Skattaðilum er oftast ljóst við upphaf rannsóknar að til endurákvörðunar opinberra gjalda muni koma og að lögbundnum fésektum verði beitt. Vegna þessa er hættu á að eignum sé komið undan áður en mál er fullrannsakað. Mikilvægt er að tryggt sé að þeir aðilar sem eru til rannsóknar geti ekki með skipulegum hætti komið eignum undan og er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir það. Þannig er greiðsla í ríkissjóð vegna yfirvofandi skattkrafna ríkisins og fésekta mun betur tryggð. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að beita kyrrsetningu gagnvart skattaðilanum sjálfum og öðrum þeim er bera ábyrgð á skattgreiðslum hans, sem og öðrum þeim er grunur um refsiverða háttsemi beinist að og kann þar af leiðandi að vera gert að greiða fésekt vegna refsiverðra brota.

Í 2. mgr. 14. gr. segir að ríkisskattstjóri annist rekstur mála samkvæmt 1. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal tilkynna ríkisskattstjóra um mál þar sem hann telur að rannsókn hans muni leiða til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 45/1987, beinist að verði gerð fésekt. Ríkisskattstjóra er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattfyrivöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 19.

gr. laga þessara, með vísan einnig til sbr. 94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og snerta ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

Í 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins segir að um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fari sem um kyrrsetningu fjármuna almennt sé að ræða, með þeim undantekningum að tryggingu þurfi ekki að setja, mál þurfi ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skuli ekki greiða fyrir ráðstafanir.

Ríkisskattstjóri annast rekstur mála vegna kyrrsetningarkrafna að undangenginni sérstakri tilkynningu skattranssóknarstjóra ríkisins til ríkisskattstjóra. Almennar reglur um kyrrsetningu fjármuna gilda um kyrrsetningu samkvæmt greininni eftir því sem við á, en þar er einkum vísað til laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Þó er gert ráð fyrir að reglur um tryggingu fyrir kyrrsetningu, málshöfðun og lögboðin gjöld vegna ráðstafananna taki ekki til kyrrsetningar ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri þarf þannig ekki að greiða gjöld fyrir að senda kyrrsetningarbeiðni til sýslumanns eða fyrir að þinglýsa kyrrsetningargerð.

Ákvæðið tekur mið af 88. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, þar sem lögreglu er fengin heimild til kyrrsetningar eigna. Samkvæmt 7. mgr. 103. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, fer skattranssóknarstjóri ríkisins með rannsókn mála eftir lögum um meðferð sakamála, með takmörkunum þó. Því er nærtækt að heimild til kyrrsetningar verði fengin vegna rannsóknar mála hjá skattranssóknarstjóra ríkisins og kyrrsetningu beitt strax á stigi rannsóknar hjá því embætti, enda liggi fyrir mat embættisins á væntanlegri enduráætlun og sektarfjárhæð.

Sömu undantekningar gilda og í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, en þær eru að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og að gjöld skulu ekki greidd fyrir ráðstafanirnar.

Í 4. mgr. segir að kyrrsetning falli niður ef rannsókn leiði ekki til þess að skattar skattaðila verði hækkaðir eða honum eða öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 45/1987, beinist að, verði gerð fésekt af skattyfirvöldum eða fyrir dómi. Sá er kyrrsetning beinist að á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef inntar eru af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja. Ákvæðið tekur mið af 88. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Í 5. mgr. segir að leggja megi fyrir héraðsdóm ágreining um lögmati kyrrsetningargerðar með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um skilyrði þess að innheimtumanni ríkissjóðs sé heimilt að samþykkja nauðasamning gjaldanda við kröfuhafa.

Í 1. tölul. ákvæðisins er gert að skilyrði að gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi. Um er að ræða vörsluskatta, sem eru þeir skattar sem lagðir eru á vöru og þjónustu og söluaðila ber að innheimta við sölu á hinni skattskyldu vöru eða þjónustu og skila til ríkissjóðs. Einkenni vörsluskatta er að refsivert er að gera ekki skil á þeim í ríkissjóð. Innheimtumanni er einnig óheimilt að samþykkja nauðasamning ef gjaldandi skuldar vörugjald af ökutækjum en þeim fylgir lögveð.

Í 2. tölul. ákvæðisins er gert að skilyrði að ekki megi samþykkja nauðasamning vegna skattkrafna sem tilkomnar eru vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika. Hugtakið skattsvik er ekki skilgreint í lögum en í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um



framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna, nr. 373/2001, kemur fram að það teljast skattsvik þegar aðili gefur af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangar eða villandi upplýsingar sem ætlaðar eru til að nota við skattákvarðanir. Sama gildir ef aðili vanrækir að gefa upplýsingar sem kunna að hafa þýðingu við skattákvarðanir.

Í 3. og 4. tölul. ákvæðisins eru lögð til nýmæli. Í 3. tölul. ákvæðisins er sett skilyrði um að skattar og gjöld séu ekki byggð á áætlunum stjórnvalda því skuld sem byggir á áætlunum stjórnvalda gefur ekki rétta mynd af skuldastöðu gjaldanda.

Í 4. tölul. ákvæðisins er sett skilyrði um að gjaldandi skuldi ekki skattsekt yfirsattanefndar eða skattrannsóknarstjóra eða fésekt ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

Í 5. tölul. ákvæðisins kemur fram það skilyrði að ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi. Innheimtumaður leggur heildstætt mat á það hverju sinni með hliðsjón af verklagsreglum.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er lagt til það nýmæli að heimilt sé að afskrifa kröfur í þing- og sveitarsjóðsgjöldum einstaklinga, ásamt áfallandi dráttarvöxtum, þegar tíu ár eru liðin frá stofnun kröfunnar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sjónarmiðið að baki ákvæðinu eru að það þjónar ekki hagsmunum ríkissjóðs að halda óinnheimtanlegum kröfum í gildi. Um undantekningarheimild er að ræða sem ber að skýra þröngt. Heimildin á einungis við um þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga. Ástæðan er sú að með undirritun greiðsluáætlunar um lækkun launaafdráttar er kröfunni haldið við í ótiltekinn tíma þar sem undirritun greiðsluáætlunar rýfur fyrningu kröfunnar, sbr. 14. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2017, og 12. gr. frumvarpsins. Sé greiðsluáætlun gerð um lækkun launaafdráttar hefst nýr fjögurra ára fyrningarfræstur við undirritun gjaldanda á greiðsluáætlun. Í ákvæðinu er það skilyrði sett að gjaldandi sé með gilda greiðsluáætlun um lækkun launaafdráttar. Ákvæðið tekur ekki til gjaldanda sem er með annars konar greiðsluáætlun í gildi. Ástæðan er sú að greiðsluáætlun um lækkun launaafdráttar er gerð í kjölfar þess að launagreiðandi hefur heimild til að draga 75% af launum til greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda, sbr. 11. gr. frumvarps þessa. Gjaldendur í þessari stöðu eiga því yfirleitt ekki annan kost en að gera greiðsluáætlun og viðurkenna kröfuna. Að öðrum kosti ber launagreiðanda að draga allt af 75% af launum hans til greiðslu þing- og sveitarsjóðsgjalda.

Til þess að heimilt sé að afskrifa kröfur á grundvelli þessa ákvæðis þurfa að vera liðin tíu ár frá stofnunardegi kröfu. Hafi skattbreyting verið gerð vegna eldri ára er afskrift ekki heimil fyrr en í fyrsta lagi tíu árum eftir að sú breyting var gerð.

Til þess að heimildin eigi við þarf gjaldandi að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í greininni. Í fyrsta lagi að ljóst þyki að gjaldandi geti ekki greitt höfuðstól ásamt áfallandi dráttarvöxtum. Þannig sé fyrirséð að tekjur hans dugi ekki til að greiða upp alla skuldina innan eðlilegs tíma. Í öðru lagi að greiðsluáætlun um lækkun launaafdráttar sé í gildi. Þetta skilyrði lýtur að því að verið sé að rjúfa fyrningu með undirritun greiðsluáætlunar um lækkun launaafdráttar og viðhalda þannig gildi kröfu sem annars myndi fyrnast á fjórum árum. Í þriðja lagi að gjaldandi hafi sótt um greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara og verið synjað. Skilyrði þetta er sett með vísan til tilgangs laga um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010. Greiðsluáðlögun er úrræði fyrir einstaklinga sem eru í verulegum greiðsluferfiðleikum og hefur þann tilgang að þeir geti endurskipulagt fjármál sín. Því þykir rétt að gjaldendur hafi reynt það úrræði áður en gripið er til afskriftar. Í fjórða lagi er það skilyrði sett að ábyrgð samsköttunaraðila sé ekki fyrir hendi. Hér er átt við ábyrgð skv. 1. mgr. 116. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Í fimmta lagi er sett það skilyrði að gjaldandi hafi ekki áður fengið

afskrifaðar kröfur á grundvelli þessa ákvæðis, þar sem um undantekningu sé að ræða frá þeirri meginreglu að gildar kröfur séu ekki afskrifaðar. Um er að ræða ívilnandi eins skiptis aðgerð til að gjaldandi eigi möguleika á að rétta stöðu sína.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að beina skuli umsóknum til ríkisskattstjóra sem tekur þær til afgreiðslu.

#### Um 17. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins segir að fái innheimtumaður vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur gefa tilefni til rökstudds gruns um að gjaldandi eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi sé honum heimilt að tilkynna það ákærvaldinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Í daglegri starfsemi innheimtumanns ríkissjóðs geta komið fram upplýsingar um tilvik þar sem grunur er um refsivert athæfi. Í slíkum tilvikum má telja eðlilegt að innheimtumanni sé gert kleift að miðla þeim upplýsingum áfram til viðeigandi stofnunar þrátt fyrir reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu. Bent er á að skiptastjórar í gjaldþrotaskiptamálum hafa einnig ákveðna tilkynningarskyldu til ákærvaldsins vegna gruns um refsivert athæfi, sbr. 84. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Eðlilegt er að stjórnvöld og stofnanir hafi samstarf í málum þessum en almenn heimild til að tilkynna til skattrannsóknarstjóra hefur verið í 11. gr. reglugerðar um eftirlit um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna, nr. 373/2001. Innheimtumenn geta á grundvelli þessarar heimildar tilkynnt grun um brot sem ekki teljast vera skattalagabrot, t.d. skilasvik. Vinnsla upplýsinganna er nauðsynleg vegna almannahagsmuna, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. einnig 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að lögfesta skyldu innheimtumanna til að veita ákærvaldinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem þeir óska eftir og unnt er að láta þeim í té. Ef beiðni berst frá ákærvaldinu eða skattrannsóknarstjóra um gögn eða upplýsingar sem nauðsynleg eru við rannsókn mála, er innheimtumanni heimilt að afhenda gögn s.s. greiðsluáætlanir sem varpað geta ljósi á hverjir eru raunverulegir stjórnendur félags og önnur gögn sem nauðsynleg eru við rannsókn máls. Vinnsla upplýsinganna er nauðsynleg vegna almannahagsmuna og lagaskyldu, sbr. 3. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

Í 3. mgr. ákvæðisins segir að þagnarskylduákvæði 20. gr. þessara laga sem og ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum þessarar greinar. Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um 18. gr.

Í 18. gr. er kveðið á um heimild til miðlunar gagna og málsmeðferðar með rafrænum hætti í 1. mgr., sbr. 39. gr. stjórnisýslulaga, nr. 37/1993. Með miðlun gagna er m.a. átt við útsendingu tilkynninga um gjaldfallnar kröfur, inneignir, vaxta- og barnabætur, fjárnám og fyrirhugaða stöðvun atvinnurekstrar. Einnig er átt við gerð greiðsluáætlana.

Þá kemur fram í 2. mgr. ákvæðisins að ríkisskattstjóra sé heimilt að ákveða að greiðsla skatta, gjalda og sekta skuli eingöngu fara fram með rafrænum hætti.

Með ákvæðunum er markvisst stefnt að auknum rafrænum samskiptum í samræmi við þá þróun sem á sér um þessar mundir stað varðandi rafræn samskipti við stofnanir ríkisins.

#### Um 19. gr.

Í 19. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um upplýsingaskyldu. Innheimtumanni eru veittar sambærilegar heimildir og skattyfirvöldum er veitt með 1. og 5. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Heimild fyrir innheimtumenn er nú að finna í 5. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og flyst ákvæðið yfir í frumvarp þetta, sbr. 22. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að gjaldendum, stjórnvöldum og öðrum hlutaðeigandi aðilum sé skylt að veita innheimtumanni ríkissjóðs, án endurgjalds og á því formi sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem innheimtumaður óskar og unnt er að láta honum í té svo hann geti rækt hlutverk sitt, samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Með stjórnvöldum er hér átt við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Ákvæðinu er m.a. ætlað að tryggja heimild innheimtumanns til upplýsinga frá stjórnvöldum sem búa yfir upplýsingum sem nauðsynlegar eru innheimtumanni svo hann geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Dæmi um upplýsingar sem geta verið nauðsynlegar innheimtumanni eru úrskurðir ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar vegna mála þar sem innheimtumaður þarf að taka stjórnvaldsákvörðun. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Skv. 2. mgr. ákvæðisins er innheimtumönnum ríkissjóðs heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá ásamt verðbréfamistöð og vinnuvélastrá Vinnueftirlitsins í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda. Jafnframt ber ríkisskattstjóra skylda til að veita innheimtumanni aðgang að skattframtölum gjaldanda í þeim tilgangi að kanna eignastöðu vegna innheimtuaðgerða. Heimild þessi til aðgangs að skattframtölum á sér fyrirmynd í 5. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en er þó ekki einskorðuð við aðgang löglærðra fulltrúa innheimtumanns. Raunin er sú að fulltrúar innheimtumanns sem koma að undirbúningi aðfarargerða eru ekki alltaf löglærðir og á það sérstaklega við hjá minni sýslumannsembættum. Verður ekki séð hvers vegna nauðsynlegt er að einskorða heimildina við löglærða fulltrúa. Allir starfsmenn innheimtumanns eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vitni að í störfum sínum, sbr. 20. gr. frumvarps þessa. Telja verður að núverandi fyrirkomulag takmarki skilvirkni vinnslu á grundvelli þeirrar heimildar sem innheimtumanni var veitt með 5. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og því er lagt til að skilyrðið verði fellt brott.

Heimildin í 5. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, kom ný inn í lögin með lögum um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., sbr. 8. gr. laga nr. 112/2016. Með breytingalögum voru innheimtumönnum ríkissjóðs fengnar auknar heimildir til að sannreyna eignastöðu gjaldenda í vanskilainnheimtu og tryggja þannig rétta framkvæmd við innheimtu skatta og gjalda til hagsbóta fyrir ríkissjóð og samfélagið allt. Markmið með ákvæðinu var að veita innheimtumanni sambærilegar heimildir til eignakönnunar og innheimtumenn á öðrum Norðurlöndum hafa en Ríkisendurskoðun gagnrýndi takmarkaðar heimildir innheimtumanna til eignakönnunar í skýrslu um innheimtu opinberra gjalda í mars 2011 og taldi það vera eitt helsta vandamál sem innheimtumenn ríkissjóðs stæðu frammi fyrir við innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Í 3. mgr. ákvæðisins segir að auk þeirrar heimildar sem kveðið er á um í 2. mgr. hafi innheimtumaður heimild til að óska eftir upplýsingum um eignir sem varðveittar kunni að vera í bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Þar með talin eru innlán og verðbréfaeign sem og upplýsingar um skuldastöðu í því skyni að sannreyna eignastöðu gjaldenda vegna innheimtuaðgerða og kyrrsetningargerða. Með innheimtuaðgerðum er m.a. átt við fjárnámsgerðir og nauðungaruppboð en eigna- og skuldastöðu þarf að kanna við undirbúning gerðanna. Þá segir að fjármálafyrirtækjum sé skylt að upplýsa innheimtumann án endurgjalds um eignastöðu viðskiptamanna sinna hjá fyrirtækinu samkvæmt beiðni þar um. Þagnarskylda takmarkar ekki aðgang að upplýsingum samkvæmt ákvæðinu sbr. 6. mgr.

ákvæðisins. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 2. mgr. 93. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, með það að markmiði að skýra betur þær heimildir sem innheimtumanni voru veittar með lögum um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., nr. 112/2016, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Tollstjóri, sem þáverandi innheimtumaður ríkissjóðs fyrir höfuðborgarsvæðið, sendi bréf til nokkurra viðskiptabanka í maí 2017 til að kanna afstöðu þeirra til upplýsingaöflunar byggðri á hinni nýfengnu heimild. Umleitun um samstarf var í flestum tilvikum hafnað með þeim rökum að ekki væri nægilega skýr lagaheimild fyrir hendi til upplýsingagjafar. Nauðsynlegt er því að skýra frekar heimild innheimtumanns til upplýsingaöflunar frá fjármálafyrirtækjum í tengslum við eignakönnun og innheimtuaðgerðir. Aðgangur að skattframtölum sýnir áramótastöðu eigna en inniheldur engar upplýsingar um nákvæma stöðu frá fjármálafyrirtækjum. Innheimtumanni reynist því erfitt að benda til að mynda á t.d. innlán og verðbréfaeignir þar sem eignastaða gæti hafa breyst frá því sem fram kemur á skattframtali. Eðli máls samkvæmt er því nauðsynlegt að innheimtumanni sé tryggður aðgangur að upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum svo hægt sé að nýta þær heimildir til eignakönnunar sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar. Í samræmi við 3. gr. frumvarpsins um hlutverk innheimtumanna mótar ríkisskattstjóri verklagið við upplýsingaöflun við eignakönnun samkvæmt þessu ákvæði. Miðað er við að heimildinni verði beitt m.a. vegna kyrrsetningargerða, þegar niðurstöður áhættugreiningar gefa tilefni til sbr. 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna og þegar gjaldendur hafa fengið háa álagningu en eiga engar eignir samkvæmt opinberum skrá. Ákvæðinu er þannig ætlað að ná til tilvika þar sem grunur leikur á að gjaldendur kunni að eiga inneignir hjá fjármálafyrirtækjum en greiða ekki skatta og gjöld.

Í 4. mgr. ákvæðisins er lagt til að innheimtumanni ríkissjóðs verði veittur rafrænn aðgangur að yfirlitum um framvindu skipta dánarbúa sem eru í upplýsingakerfi sýslumanna án endurgjalds. Upplýsingarnar eru innheimtumönnum nauðsynlegar vegna innheimtu hjá erfingjum dánarbúa, endurgreiðslna inneigna dánarbúa og vegna afskrifta krafna í eignalausum dánarbúum. Á yfirlitunum koma m.a. fram upplýsingar um einkaskipti og búsetuleyfi. Framkvæmdin í dag er sú að innheimtumenn óska eftir þessum yfirlitum og fá þau send frá sýslumanni í tölvupósti. Telja verður að rafrænn aðgangur létti álagi af sýslumönnum og hafi í för með sér hagræði og öryggi í upplýsingagjöf. Miðað er við að aðgangurinn verði takmarkaður við þann starfsmann sem sinnir málaflokknum.

Í 5. mgr. segir að ákvæði 1. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eigi við um innheimtumenn á sama hátt og önnur skattyfirvöld. Sambærilegt ákvæði er nú í lokamálslið 5. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt.

Í 6. mgr. segir að ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum þessarar greinar. Er hér m.a. átt við ákvæði um bankaleynd, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Ákvæðið er samhljóða 5. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. og 5. mgr. 111. gr. sömu laga. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu segir að á innheimtumönnum ríkissjóðs hvíli þagnarskylda skv. X. kafla stjórnisýslulaga, nr. 37/1993. Þeim er óheimilt, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um brot í opinberu starfi, að skýra frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag gjaldenda. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Ákvæðið er byggt á sambærilegum ákvæðum í skattalögum eins og þeim var breytt með lögum nr. 71/2019. Með ákvæði þessu er lögð áhersla á mikilvægi þess að starfsmenn innheimtumanna ríkissjóðs gæti þagnarskyldu.

## Um 21. gr.

Í 21. gr. er kveðið á um gildistöku laga þessara og öðlast þau þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að beita skuli lögum þessum um mál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna. Sé mál tekið upp að nýju eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds eftir gildistöku laga þessara skal beita lögnum um þau mál. Lögin taki því ekki til þeirra mála sem berast innheimtumanni ríkissjóðs fyrir gildistöku laga þessara, þótt þeim málum ljúki eftir gildistöku laganna. Sé mál endurupptekið skv. 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds skv. 5. gr. frumvarps þessa eftir gildistöku laganna skuli þó meðferð þeirra mála fara upp frá því eftir ákvæðum laganna. Ákvæði þetta er samið að fyrirmynd lagaskilareglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 41. gr. þeirra.

Ákvæði laga nr. 29/1995 gilda því um endurgreiðslukröfur sem berast fyrir gildistöku laganna en ákvæði 8. gr. um endurgreiðslukröfur sem berast eftir gildistöku laganna.

## Um 22. gr.

Í 22. gr. frumvarpsins eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum XIII. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þ.e. 2. og 3. másl., 1.–3. tölul. 3. másl. 1. mgr. og 2. –5. mgr. 111. gr., 113. gr., og 3. og 4. mgr. 114. gr. og 115. gr. laganna falla brott. Þessi ákvæði eru talin eiga betur heima í bættri mynd í frumvarpi þessu þar sem þau varða fremur innheimtu þeirra skatta og gjalda sem lögin taka til en efnisákvæði þeirra.

Í ákvæðinu eru einnig lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum laga þar sem vísað er til laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, varðandi innheimtu.

Þá er lagt til að ákvæði annarra laga um kyrrsetningar falli brott, þ.e. úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sbr. 31. gr. a, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, sbr. 20. gr. a, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sbr. 41. gr. a.